



07

TJALDSVÆÐI VR

Í Miðhúsaskógi er frábaert og fjölskyldu-vænt tjaldsvæði fyrir félagsmenn VR.

12

ORLOFSRÉTTUR

Upplýsingar um allt er viðkemur orlofi og orlofsrétti – kynntu þér rétt þinn!

19

FYRIRTÆKI ÁRSINS

Johan Rönnung, Miracle og Vinnuföt eru Fyrirtæki ársins 2014.

32

UNGAFÓLKID

Það á að borga laun hvort sem viðkomandi er að "prufa" starfið eður ei.



19

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2014

19
Fyrirtæki ársins 2014

20
Stór fyrirtæki

22
Meðalstór fyrirtæki

24
Lítill fyrirtæki

25
Um könnunina

26
Sigurvegarar

27
Hástökkvarar

28
Fyrirtæki til fyrirmyndar

29
Hvernig líður þér?

30
Meiri ánægja hjá fyrirtækjum en stofnunum

FÉLAGSMÁL

04
Fréttir

06
Orlofshús

08
Aðalfundur VR

10
Orlof og orlofsréttur

12
Niðurstöður kosninga til stjórnar

14
Hvað gerir sjúkrasjóður fyrir þig?

18
Vinnustaðaheimsóknir

GREINAR OG VIÐTÖL

11
Reglur starfsmenntasjóðs – spurt og svarað

16
1. maí – samfélag fyrir alla

32
Höfum við hist?

33
Spurning dagsins

34
Krossgátan

35
Ertu í atvinnuleit?



08



16



Forsíðumynd
Eddi, 1. maí 2014

VR
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri
Unnur Guðríður Indriðadóttir

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur Gunnarsson, Eddi,
Árdís Birgisdóttir

Prentun
Oddi

Upplag
28.042

Stjórn VR
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Sigurður Sigfússon ritari
Ásta Rut Jónasdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Páll Örn Línal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamenn
Gísli Kristján Gunnsteinsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson

TÖLUM SAMAN

Á síðustu árum höfum við hjá VR lagt áherslu á að eiga samtal við félagsmenn, hvar og hvenær sem við getum. Starfsemi VR grundvallast á því að við tölum saman, hvort sem það er í könnunum okkar, á vefnum og í símtölum, í fyrirtækjaheimsóknum, á fundum eða í fræðslu um réttindi í skólum landsins þar sem við heyrum í unga fólkinu. Þessi samskipti viljum við auka – umboð okkar kemur frá ykkur og markmið okkar er að efla ykkur í starfi.

AF HVERJU KANNANIR?

Könnun VR á fyrirtæki ársins, sem nú hefur verið gerð í tæpa tvo áratugi, er vettvangur fyrir félagsmenn VR til að tjá sig um stöðu sína við vinnuveitendur og ekki síður við okkur. Með þátttöku sinni láta starfsmenn vita hvar pottur er brotinn og hvað er vel gert á vinnustaðnum, hvort heldur er í aðbúnaði og samskiptum á vinnustaðnum, líðan starfsmanna eða hvernig þeim gengur að samræma vinnu og heimilislíf, svo fátt eitt sé nefnt. Niðurstöðurnar gera stjórnendum fyrirtækisins kleift að meta hvar þarf að bera niður til að gera vinnustaðinn enn betri. Sum fyrirtæki eru alltaf ofarlega á lista í könnuninni og ber það vott um árangursríka stefnu í mannauðsmálum. Og við vitum fjölmörg dæmi þess að fyrirtæki sem hafa verið neðarlega á lista hafi brett upp ermar og kippt því í liðinn sem þarf að laga. Könnunin hefur áhrif – til þess er hún gerð.

Fyrir okkur hjá VR er þessi könnun í raun og veru samtal milli okkar – félags og félagsmanna. Þarna heyrum við beint frá ykkur hvernig ykkur líður, hvað ykkur finnst og hvað við þurfum að gera til að styrkja stöðu ykkar á vinnumarkaði. Launakönnunin, sem er gerð samhliða, segir okkur ekki eingöngu hver launakjörin eru og vinnutíminn, heldur notum við tækifærið og spyrjum um viðhorf til annarra þátta eins og stóru samfélagsmálanna – húsnæðismála og jafnréttismála. Þannig fáum við heildstæða mynd og grunninn að kröfum okkar í kjarasamningum og öðrum samningum við vinnuveitendur og stjórnvöld, þegar svo ber undir.

1. MÁÍ ER OKKAR DAGUR!

Annar mikilvægur samræðuvettvangur okkar er 1. maí. Í ár komu yfir þúsund manns í samstöðukaffi VR í Laugardalshöllinni að loknum fjölmönnum baráttufundi á Ingólfstorgi í Reykjavík. Þarna voru góðar veitingar og skemmtun fyrir börnin en fyrst og fremst var þetta mikilvægt tækifæri fyrir okkur að koma saman og ræða málin. Og það gerðum við svo sannarlega. Á fundum og samkomum eins og 1. maí er einmitt möguleiki fyrir okkur til að eiga beint og milliliðalaust samtal. Þann skugga bar þó á daginn þetta árið að allt of margir félagsmenn VR voru við vinnu. Fyrirtæki eins og Bónus auglýstu að opið væri á þessum degi sem helgaður er baráttunni fyrir betri kjörum starfsmanna. Við gerum þá kröfu að verslunarfólk eins og aðrir geti tekið þátt í hátíðahöldum 1. maí – ein leið er að gera þennan dag að stórhátíðardegi en þannig er mun dýrara fyrir verslanir að hafa opið.

VIÐ KOMUM TIL YKKAR

Á síðustu vikum hef ég heimsótt nokkur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og rætt við félagsmenn okkar þar. Fram undan eru enn fleiri heimsóknir í fjölmörg önnur fyrirtæki, bæði stór og smá. Þessar heimsóknir eru ómetanlegar og liður í átaki okkar að ná til æ fleiri félagsmanna.

Ég vil nota tækifærið og óska sigurvegurum í Fyrirtæki ársins 2014 og öðrum Fyrirmyndarfyrirtækjum til hamingju með árangurinn. Félagsmönnum öllum óska ég gleðilegs sumar og hlakka til að ræða við ykkur – hvar sem leiðir okkar liggja saman.

Ólafía Björk Rafnsdóttir,
formaður VR

MINNING



HANNES Þ. SIGURÐSSON 1929–2014

Nú er fallinn frá tryggur félagsmaður VR og ötull baráttumaður fyrir réttindum verslunar- og skrifstofufólks, Hannes Þ. Sigurðsson, sem fæddist 3. júlí 1929. Hann lést 17. apríl 2014.

Hannes lauk verzlunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 1948 og framhaldsnámi við Verslunarháskólann í Stokkhólmi. Hannes starfaði allan sinn starfsaldur, alls um 50 ár, hjá tryggingafélaginu Sjóvá og gerðist hann strax félagsmaður í VR árið 1953. Árið 1955 var hann valinn í stjórn VR og starfaði hann þar til ársins 1983 og þar af sem varaformaður síðustu þrjú árin. Í trúnaðarráði félagsins starfaði Hannes frá 1983 til ársins 2008. Auk þessa sat Hannes um nokkurt skeið í stjórn Orlofsjóðs VR og í stjórn Fræðslu- og menningarsjóðs. Við hjá VR höfum því fengið að njóta fylgdar hans og hjálpar í rúmlega 60 ár, því aðkomu Hannesar að félagsstarfi og baráttumálum VR var langt því frá lokið þótt hann væri hættur að vinna. Í félaga-kerfi VR finnst varla sá fundur sem Hannes Þ. Sigurðsson er ekki skráður á til þátttöku gegnum áratugin, hvort sem er vegna setu hans í trúnaðarráði félagsins eða vegna einlægs áhuga hans á öllum þeim margvíslegu málum sem unnið er að hjá stéttarfélaginu hans.

Hinn 21. janúar 1966 var hann sæmdur gullmerki VR og hinn 31. mars 2008 var Hannes gerður að heiðursfélagi í VR fyrir sína sérstöku tryggð og þjónustu við félagið. Við hjá VR kveðjum heiðursmann og baráttumann með söknuði en þökkum um leið þau djúpu spor sem Hannes hefur markað í sögu félagsins með hans miklu velvild og fulltingi við stéttarbaráttu verslunar- og skrifstofu fólks gegnum áratugi.



GULLMERKI VR

Verðugir gullmerkishafar

VR hefur frá upphafi heiðrað félagsmenn sem hafa lagt mikið af mörkum til félagsins og starfsemi þess. Árið 1895 var Guðmundur Thorgrímsen gerður að heiðursfélagi og fyrstu sjö áratugin var heiðursfélagakjör helsti virðingar- og þakklætisvottur félagsins. Árið 1961 var gullmerki VR veitt í fyrsta skipti og bættust tveir öflugir gullmerkishafar í hópinn á síðasta aðalfundi félagsins, þau Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Reynir Jósepsson. Jóhanna sat í stjórn VR frá 1983 til 2009, sat í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir hönd VR og í sambandsstjórn Landsambands ísl. verzlunarmanna svo fátt eitt sé nefnt, þá var hún starfsmaður félagsins frá 2009 til ársins 2012. Reynir sat í stjórn VR frá 1985 til ársins 1999 og í trúnaðarráði til ársins 2009. Hann var starfsmaður félagsins frá 1986 til ársins 2008. Við óskum gullmerkishöfunum innilega til hamingju.



Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá, Ágústa B. Bjarnadóttir, mannaútsjóri Sjóvá, og Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR.

SJÓVÁ FÆR JAFNLAUNAVOTTUN

Sjóvá bættist nýlega við ört stækkandi hóp jafnlaunavott- aðra fyrirtækja og eru fyrirtæki og stofnanir sem hafa fengið Jafnlaunavottun VR nú orðin 21 talsins. Auk Sjóvár hafa Endurvinnslan, 1912, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Neyðarlínan og Vörður tryggingar fengið vottun á síðustu vikum. Við óskum þeim innilega til hamingju.



Vinningshafar frá vinstri: Anna Viðarsdóttir, Gissur Ólafur Kristjánsson, Kolbrún Karlsdóttir, Þórhildur Ragna Geirsdóttir, Kjartan Asmundsson, Viggó Júlíusson og Sólveig Þrastardóttir.

ÞESSI DUTTU Í LUKKUPOTTINN

Dregið var í happdrætti sem haldið var í tengslum við könnun VR á fyrirtæki ársins og launakjör- um 2014. 10 heppnir voru dregnir út. Tveir fengu iPad, fimm fengu gjafabréf frá Icelandair að upphæð 50.000 kr. hvert og fimm fengu tvo miða hver á Airwaves í haust.

EFTIRFARANDI NÚMER VORU DREGIN ÚT:

75678, 66900, 70868, 67940, 70102, 70587, 70341, 79506, 88887, 87243

HEFUR ÞÚ REYNSLU AF VERSLUNARSTÖRFUM?

RAUNFÆRNIMAT Í VERSLUNARFAGNÁMI

Mat og staðfesting á þekkingu og reynslu af störfum í verslun er í boði núna hjá Mími símenntun.

Tilgangur raunfærnimats er að gefa út staðfestingu sem einstaklingur getur notað til:

- styttingar á námi.
- að sýna fram á reynslu og færni í starfi eða í atvinnuumsókn.
- að leggja mat á hvernig einstaklingur getur styrkt sig í námi eða starfi.

Matið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

ER RAUNFÆRNIMAT EITTHVAÐ FYRIR ÞIG?

- Hefur þú unnið í verslun í þrjú ár eða lengur?
- Ertu orðin(n) 23 ára?
- Viltu bæta við formlega menntun þína á framhaldsskólastigi?
- Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

Metið er á móti námskrá um Verslunarfagnám, sem er starfsnám á framhaldsskólastigi (51 eining). Að mati loknu fá þátttakendur staðfestingu á matinu og er þeim sem þess óska boðið að taka þá áfanga sem upp á vantar til að ljúka námsleiðinni.

Verslunarfagnám er kennt hjá Mími símenntun. Námið miðar að því að auka verslunarfærni og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun.

Nánari upplýsingar um námsbrautina má finna á www.frae.is eða hjá náms- og starfsráðgjöfum hjá Mími símenntun í síma 580 1800 eða radgjof@mimir.is

REGLUR UM TILNEFNINGU Í STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA

Stjórn VR hefur samþykkt reglur um tilnefningu fulltrúa félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, m.a. með það að markmiði að auka lýðræði við val á fulltrúum VR í stjórn sjóðsins. VR skipar fjóra stjórnarmenn í stjórn lífeyrissjóðsins og jafnmarga til vara. Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og hefst það næsta í mars 2016. Reglurnar voru lagðar fyrir stjórn og samþykktar hinn 12. mars síðastliðinn og kynntar á aðalfundi félagsins hinn 26. mars síðastliðinn.

Í reglum segir að auglýsa skuli eftir umsóknum um sæti í stjórn lífeyrissjóðsins og er markmiðið með því að gæta jafnræðis. Gert er ráð fyrir því að auglýst sé síðla árs á síðasta ári kjörtímabilsins og að framboðsfrestur sé þrjár vikur. Félagið gerir ekki sérstakar hæfiskröfur til umsækjenda aðrar en þær sem fram koma í lögum og reglum Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar er gerð krafa um að umsækjendur séu launamenn og greiði skyldubundið iðgjald til sjóðsins.

Samkvæmt reglum fer val fulltrúa félagsins í stjórn sjóðsins þannig fram að stjórn VR tilnefni tve fulltrúa í aðalstjórn lífeyrissjóðsins og trúnaðarráð tilnefni tve fulltrúa auk fjögurra til vara. Val skal fara fram með leynilegri einstaklingskosningu. Þá skal kynjaskipting fulltrúa VR vera jöfn. Ef stjórnarmaður VR þarf að víkja úr stjórn eða segir af sér stjórnarmennsku tekur fyrsti varamaður af sama kyni við sæti hans í stjórninni. Í reglum er jafnframt kveðið á um hámarks lengd á stjórnarsetu í lífeyrissjóðnum og er þá miðað við níu ár að hámarki.



VEIÐI-, GOLF- OG ÚTILEIGUKORT VR

Þessi vinsælu kort eru nú í boði fyrir fullgilda félagsmenn VR sumarið 2014.

Veiðikortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 35 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Glæsileg handbók fylgir hverju korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortið er selt á Mínum síðum og á skrifstofum VR og kostar kr. 4.000. Hver fullgildur félagsmaður getur keypt eitt kort. Upplagið á kortunum er takmarkað og því gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Útileigukortið veitir aðgang að fjölda tjaldsvæða víðs vegar um landið. Það er selt á Mínum síðum og á skrifstofum VR og kostar kr. 7.500. Hver fullgildur félagsmaður getur keypt eitt kort. Upplagið á kortunum er takmarkað og því gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Golfkortið 2014 stendur félagsmönnum VR til boða á 3000 kr. Kortið gildir á 30 golfvelli fyrir árið 2014. Það gerir golfáhugamönnum kleift á ódýran og auðveldan hátt að spila golf í fríinu, á ferð sinni um landið eða einfaldlega prófa nýja velli. Með hverju keyptu korti fylgir að auki handbók og 10 stk tréti. Nánari upplýsingar um kortið á www.golfkortid.is

KOMU OG BROTTFARATÍMI

Komu og brottfaratími í orlofshús VR í sumar er sem hér segir:

Á sumrin er **komutíminn kl. 17.00** og ætlast er til að leigjendur **yfirgefi húsin fyrir kl. 12.00** á brottfaradegi, þó til **kl. 19.00 á sunnudögum**.



VR Í SAMSTARFI VIÐ NORRÆNU

Norræna og VR hafa gert samning um afsláttarkjör fyrir VR-félaga sem gildir sem greiðsla upp í ferð með Norrænu til Færeyja og/eða Danmerkur.

Norræna siglir vikulega milli Íslands, Færeyja og Danmerkur. Skipið tekur um 1.500 farþega og 800 bíla. Þrjú veitingastaðir eru um borð, fríhöfn, sundlaug, heitir pottar og barir sem bæði eru innandyra og úti á dekki. Þá er líkamsræktaraðstaða og góð leikjaaðstaða fyrir börn auk þess sem gervihnattasjónvarp er í hverjum klefa.

MEÐ NORRÆNU TIL DANMERKUR

Nýlega hóf VR útleigu á sumarhúsum í Danmörku fyrir VR-félaga og er því tilvalið að ferðast með Norrænu og taka bílinn með. Þegar komið er til Danmerkur er auðvelt að ferðast vítt og breitt um Evrópu. Til Berlínar er 7 klukkutíma akstur, til Amsterdam eru 9 tímar, til Parísar eru 14 tímar og til Barcelona er 21 tíma akstur.

BÆTTU FÆREYJUM VIÐ FERÐALAGIÐ

Tilvalið fyrir þá sem vilja bæta Færeyjum við hringinn. Það tekur aðeins 17 klukkustundir að sigla frá Seyðisfirði til Færeyja.

AFSLÁTTARKJÖR FYRIR VR-FÉLAGA

VR-félagi kaupir ávísun á 25.000 kr. sem gildir sem 35.000 kr. greiðsla upp í ferð með Norrænu. Eingöngu er hægt að kaupa miðana á skrifstofu VR, ekki á netinu. Ferðina þarf að bóka hjá Norrænu ferðaskrifstofunni, Stangarhyl 1.

Ekki er hægt að skila eða skipta miða sem hefur verið keyptur. Gildistíminn er til 31.12. 2014.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Norrænu www.smyrilline.is

TJALDVAGNA-ÚTLEIGA MEÐ BREYTTU FYRIRKOMULAGI

VR félagar geta nú tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi eða hjólhýsi af hvaða leigu sem er og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er 2.000 kr. pr. nótt en þó ekki hærrí en 12.000 kr. Einhverjar leigur verða einnig með afslátt fyrir VR féлага.

Nánari upplýsingar á heimasíðu VR www.vr.is og á facebooksíðu VR.



NÝ HÚS Í MIÐHÚSASKÓGI

Bygging á fimm smáhúsum í Miðhúsaskógi er á lokastigi, við köllum þau Hús fyrir tvo. Húsin verða góð viðbót við þau tuttugu sumarhús sem eru leigð út til félagsmanna. Þau verða tekin í notkun í júní, en það verður nánar auglýst á www.vr.is. Þetta eru lítil hús, 37 fm með einu svefnherbergi með hjónarúmi, stofa og eldhús eru í opnu rými með útdraganlegum sófa. Húsin eru hentug fyrir hjón eða litlar fjölskyldur. Þau hafa númerin 21, 22, 23, 24 og 25.



ORLOFSHÚS Í DANMÖRKU

Félagsmönnum VR standa til boða tvö orlofshús í Danmörku í sumar. Hægt er að leigja húsin eina viku í senn, frá föstudegi til föstudags. Í húsunum eru tvö svefnherbergi og gert ráð fyrir að fjórir geti gíst ásamt barni undir tveggja ára. Húsin eru búin furuhúsgögnum, sjónvarpi, netttengingu, litlum ísskáp með frystihólf, eldhúskrök, kolagrilli og útihúsgögnum.

Örfáar vikur eru lausar – nánari upplýsingar um húsin í Danmörku og önnur orlofshús VR eru á orlofsvef VR www.orlof.is/vr.



TJALDSVÆÐI VR Í MIÐHÚSASKÓGI

Frábært og fjölskylduvænt tjaldsvæði fyrir félagsmenn VR.

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er inni á sjálfu svæðinu auk sérstaks leiksvæðis í tengslum við orlofshúsabygginguna, en þar má meðal annars finna hlaupakött (aparólu), uppblásið trampólín, frísbíggjvöll, mínigolf og skemmtilegar gönguleiðir í miklum gróðri og fallegu umhverfi.

Á svæðinu er góð aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna, húsbíla og fellihýsi. Einnig er á svæðinu þjónustuhús þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þar er góð grillaðstaða, vaskar, salerni, sturtur, og þvottvéll sem gestir hafa til afnota.

Pláss er fyrir 40 – 50 ferðavagna og bíla með aðgangi að rafmagni á mjög hagstæðu verði.

Svæðið er fyrir VR féлага og fjölskyldur þeirra.



FRÁ AÐALFUNDI 2014

Fimm nýir einstaklingar tóku sæti í stjórn og varastjórn VR á aðalfundi félagsins sem haldinn var hinn 26. mars. Á fundinum var farið yfir starfsemina á nýliðnu starfsári og reikningar félagsins samþykktir.

Kjarasamningar settu mestan svip á starfsár stjórnar 2013–2014, sagði formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, í ávarpi sínu á fundinum. Meginmarkmiðið með gerð þeirra var að brúa bilið yfir í langtímasamning; fram undan væru samningaviðræður um næstu skref en félagið myndi hvergi hvika frá þeim megináherslum sínum að auka kaupmátt félagsmanna og koma á efnahagslegum stöðugleika, sagði Ólafía. Nánar má lesa um starfsemi félagsins og þjónustu þess á starfsárinu í ársskýrslu VR á vef félagsins, www.vr.is.

AFKOMA FÉLAGSINS JÁKVÆÐ

Reikningar fyrir árið 2013 voru lagðir fyrir fundinn og samþykktir. Rekstrartekjur félagsins jukust um 12% frá árinu 2012 og má m.a. rekja það til iðgjaldaaukningar vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og fjölgunar í félaginu. Rekstrargjöld hækkðu um 13,2% á milli ára. Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru 468 milljónir króna árið 2013. Raunávöxtun eignasafns VR var 2,08%. Eiginfjárstaða er mjög sterk, sem gerir félaginu kleift að standa þétt að baki félagsmönnum sínum nú sem áður fyrr. Tillaga um framlag í VR varsjóð, að upphæð tæplega 490 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Þá var samþykkt tillaga um óbreytt félagsgjald, 0,7%, sem og tillaga um að hækka laun stjórnarmanna um 2,8%, í samræmi við síðustu kjarasamninga.

LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGAR

Fyrir fundinum lágu tillögur stjórnar að lagabreytingum auk tillagna frá tveimur félagsmönnum. Nokkrar tillögur voru samþykktar, m.a. á þá leið

að kjörstjórn félagsins úrskurðaði um kjörgengi og hæfi frambjóðenda til trúnaðarstarfa. Tillaga sem fjallaði um breytingu á kjörtímabili forystu félagsins var felld, sem og tillaga um að veita atvinnulausum og öryrkjum kjörgengi. Þá voru samþykktar breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs sem miða að því að samræma reglugerðina við viðmiðunarreglur ASÍ um sjúkrasjóði aðildarfélaganna. Lög félagsins hafa verið uppfærð á vefnum til samræmis við samþykktir fundarins sem og reglugerð Sjúkrasjóðs.

BREYTTAR REGLUR UM VAL Á FULLTRÚUM Í STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐSINS

Á fundinum voru kynntar nýjar reglur um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem stjórn VR hefur samþykkt. Reglurnar kveða m.a. á um að auglýsa skuli eftir umsóknum um sæti í stjórninni, stjórn VR tilnefni tvo fulltrúa úr hópi umsækjenda og trúnaðarráð tvo fulltrúa og fjóra varamenn. Lögð er áhersla á jafnt kynjahlutfall. Kjörtímabilið er þrjú ár og er miðað við að stjórnarseta fulltrúa VR í stjórn sjóðsins verði ekki lengri en níu ár.

LÝST KJÖRI STJÓRNAR

Á fundinum var lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs, en kosningar voru haldnar í félaginu fyrr í þessum mánuði (sjá bls. 12). Þrjú nýir einstaklingar tóku sæti í aðalstjórn; Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Dóra Magnúsdóttir og Harpa Sævarsdóttir. Fjórir stjórnarmenn voru endurkjörðir; Benóný Valur Jakobsson, Sigurður Sigfússon og Bjarni Þór Sigurðsson. Tveir nýir voru kosnir í varastjórn; Ólafur Reimar Gunnarsson og Gísli Kristján Gunnsteinsson, en Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir situr áfram.



ORLOF OG ORLOFSRÉTTUR

ELÍAS MAGNÚSSON – FORSTÖÐUMAÐUR KJARAMÁLASVIÐS

Lágmarks orlof skal vera 24 virkir dagar fyrir hvern launþega. Það þýðir að tveir orlofsdagar ávinnast fyrir hvern mánuð unninn á orlofsárinu. Eftir 5 ára starf í starfsgrein öðlast launþegi 25 virka daga í orlof. Eftir 5 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 27 virka daga í orlof. Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki öðlast launþegi 30 virka daga í orlof.

Starfsmaður sem öðlast hefur 30 daga orlofsrétt eftir 10 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið sannreyndur. Starfsmaður sem öðlast hefur 27 daga orlofsrétt eftir 5 ára starf hjá fyrri atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum atvinnurekanda enda hafi rétturinn verið

ORLOFSPRÓSENTUR ERU EFTIRFARANDI

24 dagar = 10,17%
25 dagar = 10,64%
26 dagar = 11,11%
27 dagar = 11,59%
28 dagar = 12,07%
29 dagar = 12,55%
30 dagar = 13,04%

Til orlofsdaga teljast aðeins virkir dagar. Á orlofstímanum frá 2. maí– 15. september ár hvert eiga starfsmenn almennt rétt á 24 daga orlofi, jafnvel þó að þeir eigi ekki rétt til orlofslauna allan þann tíma hjá vinnuveitanda.

LÆKKUN Á STARFSHLUTFALLI

Orlof er alltaf hlutfallslegt, sem þýðir að starfsmenn fá orlof í hlutfalli við vinnuframlag sitt á tímabilinu frá 1. maí–30. apríl. Ef starfsmaður sem á 24 daga orlofsrétt hefur verið í 100% starfi frá 1. maí 2012–31. október 2012 og síðan farið í 80% starf frá 1. nóvember 2012 og vinnur þannig til 30. apríl 2013, þá er orlofsdagafjöldi hans áfram 24 dagar þó að hann hafi lækkað í starfshlutfalli en hann fær 12 daga á 100% launum og 12 daga á 80% launum í orlofinu sínu. Breytingin á orlofi starfsmannsins er því á greiðslum hans í orlofi en lengd orlofsins í dögum talið breytist ekki.

ORLOFSTAKA UTAN TÍMABILS

Ef starfsmaður fer í orlof eftir 15. september að ósk atvinnurekanda skal hann fá 25% lengingu á þann hluta orlofsins sem út af stendur. Þetta

» Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýttast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. «

þýðir að fyrir hverja fjóra daga sem teknir eru eftir þann tíma bættist fimmti dagurinn við. Ef starfsmaður óskar hins vegar sjálfur eftir orlofi síðar en 15. september lengist orlof hans ekki.

HVENÆR BER AÐ GREIÐA ORLOFSLAUN?

Orlofslaun ber að greiða þegar launþegi fer í orlof. Einnig er mögulegt að samningur hafi verið gerður um vörslu orlofslauna við tiltekinn banka eða sparisjóð, en þá er orlofsfé laust eigi síðar en 15. maí ár hvert. Þegar starfsmaður hættir störfum hjá vinnuveitanda ber að greiða út áunnið orlof, skv. lögum um orlof nr. 30/1987.

ÁKVÖRÐUN ORLOFSTÖKU

Orlofstímabilið er frá 2. maí– 15. september ár hvert. Í lögum um orlof segir að atvinnurekandi skuli í samráði við launþegann ákveða orlofstöku hans. Atvinnurekandi skal verða við óskum launþegans um hvenær orlof skuli tekið, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Endanleg ákvörðun um orlofstöku er því í höndum vinnuveitanda. Atvinnurekandi skal eins fljótt og unnt er, eða í síðasta lagi einum mánuði fyrir byrjun orlofs, tilkynna launþega hvenær orlof skuli hefjast.

LOKUN FYRIRTÆKIS VEGNA ORLOFS STARFSMANNA

Vinnuveitanda er heimilt að loka fyrirtæki á meðan á orlofi starfsmanna stendur, ef hann

tilkynnir starfsmönnum það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Þeir sem ekki hafa áunnið sér fullan orlofsrétt geta ekki krafist launa allan þann tíma. Aftur á móti geta þeir starfsmenn sem þegar hafa tekið orlof sitt á tímabilinu átt rétt til launa þann tíma sem lokað er.

VEIKINDI Í ORLOFI

Starfsmaður sem veikist innanlands í orlofi það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal á fyrsta degi, tilkynna vinnuveitanda um veikindin með sannanlegum hætti og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og veikindin standa samfellt lengur en 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES-svæðisins, Bandaríkjana, Kanada og Sviss, auk þess að leiða til sjúkrahúsvistar (hjá FA þurfa veikindi erlendis að leiða til sjúkrahúsvistar eða heimflutnings), á launþeginn rétt til uppbótar-orlofs jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal launþegi ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði, sé þess óskað.

ORLOF OG UPPSAGNARFRESTUR

Vinnuveitandi getur ekki einhliða ákveðið að orlof launþega komi inn í uppsagnarfrest hans. Uppsagnarfrestur á að nýttast starfsmanni óskertur við að leita sér nýrrar vinnu. Ef vinnuveitandi gæti ákveðið að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest starfsmannsins myndi umsamin uppsagnarfrestur ekki nýttast starfsmanninum eins og til er ætlast. Orlof getur því ekki fallið inn í uppsagnarfrest, hvort sem tekin hefur verið ákvörðun um orlof fyrir uppsögn eða ekki, nema með samþykki bæði launþega og vinnuveitanda.

FRAMSAÐ ORLOFS Á MILLI ÁRA

Skv. 13. grein orlofslaga er framsal á orlofi og orlofslaunum óheimilt á milli ára. Þetta þýðir að launþegi þarf að fullnýta orlofsrétt sinn áður en nýtt orlofsár hefst. Það er í raun sameiginleg ábyrgð vinnuveitanda og launþega að sjá til þess að orlof sé nýtt innan tilskýldra tímamarka.

VANSKIL ATVINNUREKANDA Á ORLOFI

Ef starfsmenn hafa ekki fengið greitt út orlof sitt frá vinnuveitanda á réttum tíma er hægt að leita til skrifstofu VR og óska aðstoðar félagsins við innheimtu á kröfunni [VR](#).

SPURT & SVARAÐ REGLUR STARFSMENNTASJÓÐS

Hvenær tóku nýjar reglur gildi?

Frá áramótunum 2013/2014 var hægt að sækja um samkvæmt nýjum reglum.

Hver er helsta breytingin í nýjum reglum?

Félagsmaður í fullu starfi hefur rétt á að sækja um allt að 90.000 kr. í styrk á ári samkvæmt nýju reglum.

Hve mikið get ég fengið endurgreitt samkvæmt nýju reglum?

Samkvæmt nýju reglum er hægt að fá 75% af greiddu námskeiðsgjaldi í starfstengdu námi endurgreidd, í eldri reglum var hægt að fá 50% endurgreidd.

Ég er í hlutastarfi, get ég sótt um styrk samkvæmt nýju reglum?

Fullur styrkur miðast við lágmarkslaun, sem eru 214.000 kr. Félagsmenn sem eru í hlutastarfi með laun undir þeirri krónutölu geta sótt um og fengið hlutfall af hámarksstyrk, sem er 90.000 kr.

Hvers vegna var ákveðið að breyta reglum?

Nýjar reglur eiga að gera félagsmönnum með lægri laun kleift að vinna sér inn réttindi hraðar. Einnig er það von sjóðsins að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun.

Ég á mörg fræðslustig uppsöfnuð. Hvað verður um þau?

Tveggja ára aðlögunartími hefst um áramótin 2013/2014. Þú hefur því tvö ár frá áramótum til þess að nota stigin þín. Ekki er hægt að sækja um styrk samkvæmt eldri og nýjum reglum á sama ári. Ef valið er að sækja um samkvæmt nýju reglum er ekki hægt að fara aftur í gömlu reglurnar.

Hver er munurinn á starfstengdu námi sem fæst 75% styrkur fyrir og tómsundanámi sem fæst 50% styrkur fyrir og hámark endurgreitt 20.000 krónur?

Tómsundanám tengist starfi ekki með beinum hætti, eins og starfstengt nám gerir. Skilyrðin fyrir tómsundastyrk eru að námskeið sé með leiðbeinanda og hafi upphaf og endi.

Er hægt að fá styrk fyrir námi eða ráðstefnu erlendis?

Já, starfstengt nám sem ekki er hægt að sækja hér á landi er styrkhæft, sem og starfstengdar ráðstefnur. Mikilvægt er að skila lýsingu á námi ásamt vefslóð. Dagskrá verður að fylgja með umsókn um styrk vegna ráðstefnu.

Hafa ber í huga að til þess að umsókn fái afgreiðslu verður að skila reikningi ásamt staðfestingu á greiðslu þar sem fram kemur að styrkþegi sé greiddandi.

Er hægt að safna styrknum milli ára?

Já, ef ekkert er sótt í sjóðinn í þrjú ár getur félagsmaður fengið styrk að upphæð 270.000 kr. fyrir eina samfellda námsleið. Ekki er hægt að safna umfram þá upphæð. Þessi regla tekur gildi árið 2017.

STJÓRN VR 2013 - 2015

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA TIL STJÓRNAR

Allsherjaratkvæðagreiðsla til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2014–2016 var haldin dagana 6.–14. mars 2014. Alls kusu 1.948 en á kjörskrá var 29.821. Þátttaka var því 6,53%. Fimmtán voru í framboði til sjö sæta í stjórn.

NIÐURSTAÐAN ER SEM HÉR SEGIR:

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára, skv. úthlutun m.t.t. til kynjaskiptingar eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Dóra Magnúsdóttir
Sigurður Sigfússon
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir

ÞRÍR VARAMENN Í STJÓRN VR – TIL EINS ÁRS

Ólafur Reimar Gunnarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson

Framangreindir aðilar eru því réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hófst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2014. Sjálfkjörið var í trúnaðarráð félagsins, þar sem ekkert móttframboð barst við lista stjórnar og félagsins. Listi yfir fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á heimasíðu félagsins – www.vr.is – og þar má jafnframt finna ítarlegri umfjöllun um niðurstöðurnar.



Ólafía B. Rafnsdóttir
formaður VR



Bjarni Þór Sigurðsson
365 miðlar – varaformaður



Sigurður Sigfússon
N1 – ritari



Ásta Rut Jónasdóttir
Actavis



Benóný Valur Jakobsson
66° Norður



Birgir Már Guðmundsson
SORPA



Dóra Magnúsdóttir
Evrúpustofa



Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Vörður tryggingar



Harpa Sævarsdóttir
Íshestar



Helga Ingólfssdóttir
UPB ehf.



Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Verkfræðingafélag Íslands



Páll Örn Líndal
N1



Ragnar Þór Ingólfsson
Örninn



Rannveig Sigurðardóttir
LAG lögmenn sf.



Svanhildur Þórsteinsdóttir
Konunglega kvikmyndafélagið



Gísli Kristján Gunnsteinsson
Rúmfatalagerinn – varamaður



Kristjana Þ. Jónsdóttir
Egilsson ehf. – varamaður



Ólafur Reimar Gunnarsson
Ernest & Young – varamaður

HVAÐ GERIR SJÚKRA- SJÓÐUR VR FYRIR ÞIG?

Stéttarfélag gæta hagsmuna félagsmanna sinna, standa vörð um réttindi þeirra gagnvart atvinnurekendum, semja um kaup og kjör og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. En þar með er ekki allt talið. Stéttarfélag gegna einnig mikilvægu félagslegu hlutverki, einkum í veikindum félagsmanna eða ástvina þeirra. Þar reynir á sjúkrasjóðina.

ÖFLUGUR BAKHJARL FÉLAGSMANNA

Sjúkrasjóður VR var stofnaður árið 1979 á grunni laga nr. 19 frá sama ári, en þar segir að vinnuveitendur eigi að greiða 1% af útborguðum launum í sjúkrasjóð viðkomandi starfsmanns. Í fyrstu greiddi Sjúkrasjóður VR eingöngu dánarbætur og sjúkradagpeninga eftir að greiðslum vinnuveitanda lauk, þ.e.a.s. til þeirra sem bjuggu við langvarandi veikindi. Síðan hefur sjóðurinn jafnt og þétt aukið tryggingavernd félagsmanna. Fyrsta ár sjóðsins námu greiðslur til félagsmanna úr sjóðnum tæplega 7 milljónum króna á verðlagi ársins 2013, en þá voru félagsmenn níu þúsund talsins. Í fyrra, árið 2013, námu greiðslur Sjúkrasjóðs tæplega 786 milljónum króna og voru félagsmenn þá tæplega 30 þúsund.

Sjúkrasjóður VR stendur styrkum fótum og hefur, í krafti stærðar sinnar, verið í fararbroddi þegar kemur að því að veita félagsmönnum aðstoð í veikindum þeirra eða barna þeirra. Sjúkrasjóður VR er þannig öflugur bakhjarl félagsmanna og langar mig að segja aðeins frá því hvað sjóðurinn gerir fyrir félagsmenn sína, sérstaklega þegar börn þeirra glíma við erfið veikindi.

SJÚKRADAGPENINGAR VEGNA VEIKINDA BARNNA

Í kjarasamningum VR segir um rétt félagsmanna vegna veikinda barna:

„Fyrstu sex mánuði í starfi hjá vinnuveitanda er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annari



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
Formaður VR

umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktalagi eða eftirvinnulagi (40%) þar sem það á við.“

Þegar barn á í erfiðum og langvarandi veikindum dugar þetta skammt, eins og við öll vitum. Þess vegna veitir Sjúkrasjóður VR aðstoð þegar félagsmenn hafa fullnýtt rétt sinn vegna veikinda barna hjá vinnuveitanda – og gerir það mynduglega.

Tæplega tuttugu ár eru síðan við greiddum fyrst dagpeninga til félagsmanna vegna veikinda barna. Árið 1995 voru greiddir sjúkradagpeningar í 30 daga en tveimur árum síðar var það aukið í 90 daga. Um aldamótin var þetta aukið enn frekar í 270 daga – og það er vel við hæfi að þessi ákvörðun var kynnt opinberlega á ráðstefnu sem Umhyggja hélt á svipuðum tíma.

Sjóðurinn greiðir þannig fulla sjúkradagpeninga til félagsmanna vegna veikinda barna – 80% af launum í allt að níu mánuði. Þeir sem hafa fullnýtt rétt sinn til sjúkradagpeninga öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið til sjóðsins í 12 mánuði.

BÆTUR OG STYRKIR

Og Sjúkrasjóður VR styður við félagsmenn sína á fleiri sviðum. Sjóðurinn greiðir styrk vegna ferðakostnaðar félagsmanna sem þurfa að fara með veik börn sín til sérfræðinga, rannsókna eða aðgerða fjarri heimahögunum, allt að 100 þúsund krónur á hverju almanaksári. Sjúkrasjóður VR greiðir einnig bætur vegna slysa barna og dánarbætur vegna andláts barns.

Ég vil benda lesendum á ítarlega umfjöllun um sjúkradagpeninga, bætur og styrki á heimasíðu VR, www.vr.is, eða hjá sérfræðingum Sjúkrasjóðs í síma 510 1700.

VR er stærsta stéttarfélag landsins, en félagsmenn þess eru um 30 þúsund talsins víðs vegar um landið. VR leggur áherslu á að styðja og efla félagsmenn sína, hvort sem er í réttindabaráttu þeirra á vinnumarkaði eða þegar erfiðleikar steðja að. Ég hvet félagsmenn til að hafa samband við sérfræðinga okkar hjá Sjúkrasjóði VR og kanna réttarstöðu sína ■

VISSIR ÞÚ ...

ÞETTA GERIR SJÚKRASJÓÐUR VR FYRIR FÉLAGSMENN SÍNA

- Sjúkradagpeningar eftir að veikindarétti lýkur – 80% af launum í allt að 270 daga.
- Slysadagpeningar vegna slysa í frítíma – 80% af launum. Slysabætur greiðast ekki ef bætur koma annars staðar frá vegna lögbundinna ábyrgðartrygginga.
- Sjúkradagpeningar vegna áfengismeðferðar – 80% af launum.
- Dagpeningar vegna alvarlegra veikinda maka – 80% af launum í allt að 90 daga.
- Styrkir, t.d. vegna tæknifrjónvagnar, öriltameðferðar og ferðakostnaðar vegna læknis eða tannlæknis.
- Örorkubætur vegna slyss í frítíma, um 20 milljónir króna.
- Dánarbætur.

ÞETTA GERIR SJÚKRASJÓÐUR VR SÉRSTAKLEGA FYRIR FORELDRA

- Dagpeningar vegna veikinda barna, 80% af launum í allt að 270 daga.
- Styrkur upp í ferðakostnað vegna veikinda og tannlækninga barna.
- Slysa- og örorkubætur vegna slysa barna að 18 ára aldri.
- Dánarbætur barna að 18 ára aldri.

Mínar síður létta þér sporið!

Á Mínum síðum færðu allar helstu upplýsingarnar sem þig varðar.

Staða í sjóðum

Þú færð upplýsingar um inneign þína í varasjóði VR og upplýsingar um réttindi í starfsmenntasjóði.

Öryggisnúmerið

Öryggisnúmerið er birt á Mínum síðum en upplýsingar um stöðu og inneign í sjóðum eru ekki veittar í gegnum síma nema öryggisnúmer sé gefið upp.

Yfirlit yfir félagsgjöld

Birt er yfirlit yfir greidd félagsgjöld frá upphafi. Einnig getur þú séð upplýsingar um þína launaþróun sem og yfirlit yfir allar umsóknir til félagsins.

Fyrir skattframtalið

Launamiðar fyrir greiðslur úr starfsmennta- eða varasjóðum eru birtir, sem og fyrir dagpeninga og bætur.

Orlofsmiðar

Þú getur keypt orlofsmiða hjá Icelandair og WOW air.

Orlofshús

Þú getur sótt um orlofshús VR.

Rafrænar umsóknir

Á Mínum síðum er hægt að sækja rafrænt um styrki úr VR varasjóði sem og starfsmenntasjóðum.

Kannaðu málið!



SAMFÉLAG FYRIR ALLA

Fjöldmenni var í 1. maí göngunni í ár og ekki síst í baráttukaffi VR sem haldið var eftir útifundinn á Ingólfstorgi. Yfirskrift dagsins var Samfélag fyrir alla og kröftunum beint að baráttunni fyrir samfélagi jafnréttis og jafna tækifæra.

AF HVERJU 1. MAÍ?

Meginkraftan í fyrstu kröfugöngunum sem farnar voru á þessum degi bæði í Evrópu og Bandaríkjunum var átta stunda vinnudagur. Sú krafa var reyndar kveikjan að því að 1. maí var gerður að alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Síðan eru liðin rúmlega 120 ár.

Árið 1923 var fyrst farið í kröfugöngu á 1. maí á Íslandi, eins og fjallað er um í nýlegri bók um sögu ASÍ. Það var ekki auðvelt, 1. maí árið 1923 var virkur dagur og þurftu þeir sem vildu taka þátt að taka sér frí í vinnu. Rúmum fjórum áratugum síðar varð 1. maí lögskipaður frídagur.

ÞARF AÐ VERA OPIÐ?

En þó að þessi dagur sé frídagur hefur færst í aukana að verslanir og þjónustuaðilar hafi opið 1. maí og æði margir eru að vinna, ekki síst félagsmenn VR. Í ár voru stóru verslunarmiðstöðvanna opnar, matvöruverslanir voru opnar og fjöldinn allur af minni verslunum. Er virkilega þörf á því að hafa svona margar verslanir opnar á þessum degi sem helgaður er baráttunni fyrir réttindum launafólks, spurði formaður VR, Ólafía B.

Rafnsdóttir, í nýlegri blaðgrein. Höfum við kannski gleymt því um hvað þessi dagur snýst?, 1. maí er og hefur ætíð verið baráttudagur fyrir réttindum launafólks – dagur aðgerða þegar fólk kemur saman til að sýna mátt sinn og megin. Þó að ýmislegt hafi áunnist á síðustu áratugum er enn margt sem við þurfum að huga að og mikilvægt að halda baráttunni áfram. ... Á þessum degi minnumst við þess að réttindin sem við njótum í dag eru tilkomin vegna fórnar þeirra sem á undan okkur gengu. Þess vegna er 1. maí frídagur – þess vegna förum við í kröfugöngu.“

SJÁUMST AÐ ÁRI!

Hátíðahöldin í ár voru með fjölmennara móti og hátt í eitt þúsund manns nutu góðra veitinga í samstöðukaffi VR í anddyri Laugardalshallar. Þar var margt skemmtilegt um að vera fyrir börnin – blöðrudýr og trúðar og gestir fengu frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Við vonumst til að sjá enn fleiri á næsta ári, bæði í göngunni og kaffinu. [v](#)

Heimild m.a. Saga Alþýðusambands Íslands eftir Sumarliða R. Ísleifsson.



VIÐ KOMUM TIL ÞÍN!

Á undanförunum vikum hefur formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, sótt heim fjölda fyrirtækja og rætt við starfsmenn um áherslur þeirra og stöðu. Markmið fyrirtækjaheimsókna af þessu tagi er að ná til félagsmanna sjálfrá, beint og milliliðalaust, og heyra hugmyndir þeirra og viðhorf til þess sem félagið er að gera. Viðtökurnar hafa undantekningalaust verið frábærar og mikið spjallað og spurt. Á síðunni má sjá myndir frá heimsóknum Ólafíu í **Nova, Skeljung, Sjónvá, Vodafone, IKEA** og **N1**. Á næstu misserum verða enn fleiri fyrirtæki heimsótt, bæði stór og smá.

Viltu fá okkur í heimsókn?
Hafðu þá samband við Árdísi Birgisdóttur, ardis@vr.is.



FYRIRTÆKI ÁRSINS 2014

Johan Rönnung, Miracle og Vinnuföt eru fyrirtæki ársins 2014 samkvæmt könnun VR, annað árið í röð. Þetta er í fyrsta sinn sem sömu fyrirtæki vinna í öllum stærðarflokkum tvö ár í röð. Rönnung er Fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja með fimmtíu eða fleiri starfsmenn, Miracle er Fyrirtæki ársins í hópi meðalstórra fyrirtækja með 20 til 49 starfsmönnum og Vinnuföt er Fyrirtæki ársins í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en tuttugu. Hástökkvarar ársins eru þrír, **Opin kerfi, Ísaga** og **Kortapjónustan**.

VR hefur staðið fyrir könnun á Fyrirtæki ársins í tæp tuttugu ár. Rúmlega tíu þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði tóku þátt auk þúsunda starfsmanna ríkis og borgar. Fjallað er um niðurstöður á hinum opinbera vinnumarkaði á vegum SFR stéttarfélags og Starfsmannafélags Reykjavíkur. Í þessu tölublaði VR blaðsins eru birtir listar yfir Fyrirtæki ársins 2014 og fjallað um helstu niðurstöður. Ítarlegri umfjöllun um niðurstöðurnar, framkvæmd könnunarinnar sem og hugmyndafræðina að baki henni má finna á heimasíðu VR, www.vr.is.

STÓR FYRIRTÆKI

Meðaltal	Heildareinkunn 2014										Heildareinkunn 2013
	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %		
1. Johan Rönnung *	4,664	4,76	4,83	4,01	4,56	4,75	4,73	4,84	4,83	80-100%	4,620
2. Securitas	4,505	4,52	4,69	3,57	4,45	4,60	4,71	4,82	4,72	50-59%	4,343
3. SAS	4,431	4,33	4,69	3,91	4,12	4,59	4,67	4,61	4,65	35-49%	-
4. Wise *	4,400	4,40	4,48	3,73	4,58	4,66	4,42	4,45	4,49	60-69%	4,149
5. Borgun *	4,390	4,50	4,52	3,51	4,46	4,56	4,47	4,44	4,62	80-100%	4,227
6. Betware á Íslandi *	4,375	4,43	4,67	3,48	4,36	4,62	4,34	4,60	4,50	60-69%	4,195
7. Nova *	4,363	4,51	4,64	3,38	4,16	4,45	4,47	4,69	4,58	80-100%	4,418
8. TM Software *	4,345	4,40	4,53	3,73	4,13	4,75	4,31	4,48	4,47	80-100%	4,359
9. 1912 *	4,343	4,39	4,47	3,33	4,38	4,58	4,51	4,57	4,54	60-69%	4,164
10. Vistor *	4,336	4,42	4,65	3,25	4,54	4,38	4,46	4,36	4,58	80-100%	4,255
11. Icepharma *	4,323	4,30	4,47	3,32	4,54	4,47	4,41	4,60	4,49	80-100%	4,299
12. Klettur - sala og þjónusta	4,320	4,07	4,37	3,97	4,48	4,52	4,30	4,40	4,55	50-59%	4,219
13. Ölgerðin Egill Skallagrímsson	4,312	4,33	4,47	3,21	4,42	4,47	4,47	4,61	4,55	35-49%	4,272
14. Íslenska auglýsingastofan	4,269	4,29	4,63	3,34	4,05	4,28	4,23	4,73	4,60	35-49%	4,391
15. Garri *	4,263	4,14	4,32	3,70	4,15	4,44	4,35	4,61	4,50	80-100%	4,243
16. Bílaumboðið Askja	4,242	4,44	4,32	3,69	3,92	4,45	4,49	4,20	4,44	50-59%	4,163
17. Eimskip	4,233	4,29	4,46	3,25	4,18	4,52	4,50	4,27	4,46	50-59%	4,116
18. Össur	4,233	4,15	4,30	3,17	4,30	4,56	4,29	4,78	4,38	50-59%	4,265
19. Logos *	4,232	4,13	4,40	3,77	4,24	4,40	4,32	4,35	4,32	80-100%	4,397
20. Bilanaust	4,232	4,42	4,28	3,61	3,56	4,55	4,39	4,44	4,64	35-49%	-
21. Opin kerfi	4,231	4,25	4,62	2,92	4,32	4,46	4,36	4,51	4,45	60-69%	3,958
22. Sjóvá *	4,231	4,35	4,47	3,31	4,34	4,55	4,42	3,94	4,46	80-100%	4,099
23. Öryggismiðstöð Íslands	4,229	4,36	4,33	3,63	4,00	4,62	4,38	4,22	4,34	50-59%	4,280
24. Efla *	4,216	4,20	4,50	3,36	4,19	4,45	4,17	4,50	4,39	80-100%	4,312
25. Bræðurnir Ormsson	4,204	4,15	4,28	3,66	3,91	4,37	4,48	4,48	4,41	35-49%	3,784
26. PwC *	4,200	4,28	4,56	3,21	4,38	4,49	4,44	3,96	4,27	60-69%	4,128
27. Advania	4,196	4,09	4,39	3,48	4,43	4,59	4,25	4,15	4,26	50-59%	4,141
28. Radisson BLU Hótel Saga	4,196	4,36	4,62	3,32	4,05	4,32	4,46	4,03	4,38	35-49%	4,049
29. Fjávakur *	4,191	4,13	4,47	2,96	4,38	4,34	4,56	4,44	4,31	70-79%	4,069
30. Parlogis *	4,191	4,03	4,42	3,15	4,03	4,61	4,47	4,69	4,31	70-79%	4,219
31. Tryggingamiðstöðin *	4,173	4,19	4,38	3,44	4,03	4,51	4,37	4,18	4,36	80-100%	4,162
32. Mannvit	4,160	4,04	4,35	3,21	4,19	4,64	4,28	4,47	4,25	50-59%	4,276
33. 66° Norður, Sjóklæðagerðin *	4,158	4,12	4,45	3,37	3,91	4,28	4,41	4,41	4,41	60-69%	3,915
34. Vörður tryggingar *	4,126	4,12	4,50	3,16	4,10	4,46	4,46	3,95	4,33	80-100%	4,214
35. Set ehf *	4,118	4,07	4,20	3,58	4,23	4,32	4,10	4,31	4,18	50-59%	-
36. Háskólinn í Reykjavík	4,110	4,14	4,30	3,04	4,19	4,53	4,29	4,11	4,32	35-49%	3,985
37. Sorpa	4,105	4,26	4,38	3,13	3,81	4,48	4,33	4,01	4,46	35-49%	4,247
38. CCP	4,090	3,94	4,44	3,27	4,23	4,35	4,15	4,38	4,07	35-49%	4,276
39. Egilsson *	4,067	4,09	4,36	3,30	3,79	4,44	4,39	4,08	4,18	35-49%	3,968
40. KPMG *	4,064	3,99	4,30	3,34	4,19	4,37	4,21	3,97	4,23	70-79%	4,104
41. Verkís *	4,063	3,90	4,35	3,13	4,11	4,56	4,13	4,24	4,21	70-79%	4,182
42. Innes	4,063	3,90	4,15	2,89	4,27	4,28	4,38	4,55	4,20	50-59%	4,098
43. Distica *	4,059	4,09	4,13	2,81	4,30	4,32	4,33	4,28	4,24	70-79%	4,125
44. Deloitte *	4,045	3,93	4,31	3,07	4,18	4,36	4,18	4,23	4,18	60-69%	3,968
45. VÍS *	4,041	4,13	4,38	3,01	4,05	4,41	4,35	3,76	4,26	80-100%	4,232
46. Garðheimar Gróðurvörur	4,037	4,07	4,15	2,79	3,94	4,37	4,43	4,39	4,23	35-49%	3,952
47. Applicon *	4,034	3,89	4,20	3,44	3,99	4,66	4,08	4,02	4,16	80-100%	3,999

Hér má sjá lista yfir stöðu stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að lágmarki 50 talsins. Aftasti dálkurinn sýnir heildareinkunn árið 2013 hjá þeim fyrirtækjum sem þá komust á lista. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

Stjórnumerking (*) þýðir að allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagasáðildar, fengu senda könnun.

Meðaltal	Heildareinkunn 2014										Heildareinkunn 2013
	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %		
48. Ó. Johnson & Kaaber	4,028	3,79	4,11	3,21	3,52	4,69	4,39	4,50	4,33	35-49%	-
49. BL *	4,028	4,01	4,31	3,21	3,88	4,34	4,31	3,94	4,31	35-49%	4,164
50. Sláturfélag Suðurlands *	4,022	4,04	4,16	3,04	3,95	4,32	4,24	4,35	4,15	50-59%	3,931
51. DHL Express Iceland	4,010	3,93	4,25	3,26	3,81	4,31	4,46	4,15	4,06	50-59%	4,106
52. Framvörður (Hreyfing heilsurækt) *	4,007	3,89	4,33	2,72	3,86	3,88	4,45	4,64	4,39	50-59%	-
53. Tíu ellefu	4,003	4,14	4,41	3,47	3,96	4,19	4,39	3,47	4,00	35-49%	-
54. Prentsmiðjan Oddi *	4,000	3,95	4,22	3,20	3,78	4,46	4,33	4,18	4,04	70-79%	3,941
55. Motus *	3,992	4,03	4,41	3,03	4,07	4,52	4,32	3,39	4,22	70-79%	3,956
56. Primera Air	3,986	3,88	4,29	2,86	4,06	4,38	4,41	4,00	4,16	35-49%	4,067
57. Samskip	3,985	3,97	4,45	2,98	4,14	4,28	4,32	3,72	4,09	35-49%	4,100
58. IKEA *	3,980	3,96	4,13	3,20	3,83	4,22	4,32	4,21	4,08	35-49%	4,008
59. Icelandair	3,980	3,95	4,38	2,15	4,13	4,34	4,31	4,27	4,38	50-59%	3,861
60. Ernst & Young *	3,979	3,87	4,22	2,97	4,06	4,43	4,21	4,10	4,11	80-100%	4,017
61. Oliuverzlun Íslands	3,977	3,78	4,35	3,19	4,01	4,33	4,28	3,94	4,10	35-49%	4,056
62. Iceland travel	3,977	4,05	4,44	2,72	3,41	4,32	4,20	4,54	4,24	50-59%	4,047
63. Creditinfo *	3,969	3,99	4,46	3,09	3,69	4,35	4,26	3,87	4,15	80-100%	4,153
64. Bílaleiga Flugleiða - Hertz	3,957	4,06	4,00	2,92	3,53	4,24	4,38	4,47	4,17	50-59%	4,179
65. Þekking	3,952	4,01	4,30	3,27	3,48	4,38	3,82	4,30	4,11	60-69%	3,990
66. Nýherji *	3,913	3,86	4,26	2,60	4,02	4,28	4,14	4,15	4,08	70-79%	3,897
67. TK bílar *	3,909	3,77	3,99	2,98	4,11	4,27	4,29	3,99	4,01	35-49%	3,841
68. Actavis	3,905	3,92	4,31	2,53	3,84	4,35	4,11	4,22	4,05	50-59%	3,967
69. Lífland	3,874	3,38	3,76	3,40	4,30	4,20	4,23	4,09	3,91	50-59%	4,161
70. Flugfélag Íslands *	3,874	3,80	4,21	3,03	3,65	4,07	4,35	3,70	4,30	60-69%	3,929
71. Mjólkursamsalan	3,872	3,64	3,97	3,03	4,11	4,41	4,44	3,77	3,84	35-49%	3,886
72. Ísfell	3,867	3,66	4,18	2,88	4,06	4,42	4,05	4,21	3,66	70-79%	4,236
73. Íslensk-ameríska verslunarfélagið	3,856	3,73	3,87	3,16	3,76	4,28	4,28	4,12	3,83	50-59%	4,016
74. Flugfélagið Atlanta	3,853	3,49	4,25	3,29	3,75	4,49	4,13	3,79	3,93	50-59%	3,957
75. LS Retail	3,834	3,57	4,09	3,07	3,72	4,49	4,04	4,07	3,86	60-69%	4,259
76. Byko	3,825	3,89	4,22	2,80	3,52	4,14	4,14	4,08	3,89	35-49%	3,812
77. Bílabúð Benna	3,805	3,85	4,17	2,85	3,38	4,12	4,21	3,95	4,04	35-49%	3,738
78. ALP *	3,798	3,75	3,86	3,12	3,53	4,23	4,12	4,08	3,86	50-59%	3,992
79. Vodafone *	3,780	3,88	4,31	2,49	3,93	4,30	4,27	3,10	4,01	50-59%	4,168
80. Húsasmiðjan/Blómaval	3,769	3,78	4,24	2,66	3,61	4,26	4,20	3,69	3,86	35-49%	3,723
81. Skeljungur	3,748	3,67	3,99	3,35	3,57	4,34	3,97	3,40	3,85	50-59%	3,994
82. Bananar	3,713	3,48	4,10	2,98	3,15	4,22	4,66	3,87	3,62	50-59%	3,920
83. Medis	3,710	3,63	4,40	2,04	3,63	4,24	4,27	4,00	3,67	70-79%	3,731
84. N1	3,706	3,65	3,95	2,95	3,81	4,12	4,27	3,12	3,89	35-49%	3,873
85. Flugleiðahótel	3,705	3,54	4,00	2,69	3,62	3,79	4,04	4,19	3,91	35-49%	3,985
86. Vífilfell	3,701	3,74	3,95	2,67	3,72	3,98	4,05	3,67	3,88	35-49%	3,686
87. Íslenskir fjallaleiðsögumenn	3,685	3,32	4,33	2,54	3,93	3,47	3,99	4,48	3,59	50-59%	4,069
88. Norvik (skrifstofa)	3,683	3,64	3,93	2,37	3,62	4,25	4,07	3,87	3,87	50-59%	3,777
89. Reykjavík Excursions-Kynnisferðir	3,572	3,29	3,98	2,35	3,31	3,88	4,32	3,97	3,78	50-59%	3,766
90. Iceland Excursion Allrahanda	3,462	3,14	3,89	2,29	3,74	3,52	3,89	3,89	3,54	50-59%	3,985
91. Tölvutek	3,434	3,32	4,00	1,87	4,12	3,51	4,04	3,69	3,03	35-49%	3,755
92. Brimborg	3,393	3,04	3,85	2,95	3,57	3,95	3,92	3,01	3,15	50-59%	3,748
93. Hekla	3,217	2,93	3,71	2,16	3,25	3,86	3,91	3,00	3,21	60-69%	3,482

MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Meðaltal	Heildareinkunn 2014										Heildareinkunn 2013						
	4,143	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %		4,12	4,33	3,38	4,07	4,41	4,33
1. Miracle *	4,805	4,84	4,94	4,34	4,67	4,91	4,84	4,97	4,93	80-100%	4,818						
2. Plain vanilla	4,761	4,83	5,00	4,81	4,38	4,63	4,54	4,86	5,00	80-100%	-						
3. Basis *	4,750	4,88	4,91	4,21	4,83	4,68	4,68	4,80	4,92	80-100%	4,454						
4. Sensa	4,727	4,80	4,94	4,36	4,50	4,90	4,58	4,89	4,83	80-100%	4,645						
5. Sjónlag *	4,605	4,66	4,56	4,22	4,50	4,58	4,68	4,86	4,79	80-100%	4,729						
6. Libra	4,599	4,73	4,89	4,04	4,56	4,87	4,54	4,28	4,83	70-79%	-						
7. Hreyfill svf.	4,547	4,53	4,53	4,35	4,53	4,45	4,69	4,64	4,65	60-69%	4,606						
8. Margt smátt	4,520	4,54	4,37	4,15	4,41	4,66	4,81	4,85	4,44	60-69%	4,472						
9. Hvíta húsið *	4,514	4,43	4,74	3,84	4,37	4,71	4,51	4,83	4,75	50-59%	4,465						
10. IDAN-Fræðslusetur	4,501	4,57	4,63	3,80	4,52	4,87	4,46	4,41	4,75	70-79%	4,485						
11. Epal *	4,488	4,53	4,67	3,72	4,16	4,87	4,66	4,73	4,65	50-59%	-						
12. Tengi *	4,480	4,39	4,45	4,02	4,34	4,60	4,68	4,75	4,71	60-69%	4,262						
13. Bernhard	4,463	4,31	4,67	3,90	4,21	4,56	4,68	4,71	4,78	70-79%	4,293						
14. Árnason Faktor *	4,452	4,58	4,56	3,56	4,55	4,62	4,44	4,54	4,69	60-69%	4,591						
15. Ferðakompaníið	4,434	4,53	4,69	3,84	3,93	4,62	4,45	4,75	4,68	60-69%	4,423						
16. Samhentir Kassagerð	4,405	4,39	4,46	4,03	4,24	4,70	4,44	4,61	4,44	35-49%	4,065						
17. Guðmundur Arason *	4,384	4,30	4,35	4,01	4,14	4,66	4,59	4,70	4,46	80-100%	4,461						
18. Nordic Visitor Iceland	4,378	4,51	4,45	3,53	4,42	4,31	4,27	4,82	4,60	60-69%	4,381						
19. Myndform	4,371	4,45	4,33	3,67	4,52	4,56	4,43	4,42	4,56	80-100%	4,448						
20. Tandur	4,369	4,24	4,48	4,00	4,25	4,53	4,44	4,78	4,33	50-59%	4,422						
21. Hugsmiðjan *	4,364	4,39	4,61	3,79	4,29	4,68	4,32	4,43	4,43	60-69%	4,515						
22. Veritas Capital *	4,363	4,28	4,64	3,59	4,58	4,38	4,42	4,52	4,51	80-100%	4,295						
23. Ísaga	4,354	4,69	4,76	3,71	3,98	4,71	4,54	3,71	4,68	35-49%	3,957						
24. Icelandair Cargo *	4,353	4,45	4,42	3,10	4,41	4,59	4,62	4,56	4,70	70-79%	4,236						
25. Miðlun	4,353	4,50	4,36	3,88	4,38	4,57	4,54	4,25	4,34	50-59%	4,191						
26. Íslensk getsþá	4,341	4,16	4,33	3,38	4,85	4,40	4,35	4,77	4,53	70-79%	4,587						
27. Mentor	4,321	4,02	4,83	3,90	4,69	4,40	4,04	4,50	4,25	50-59%	4,165						
28. Rekstrarvörur	4,298	4,30	4,42	3,70	4,07	4,43	4,53	4,51	4,51	35-49%	4,039						
29. Kraftvélar *	4,289	4,50	4,56	3,80	4,06	4,23	4,32	4,28	4,48	80-100%	4,421						
30. EnnEmm	4,287	4,30	4,24	3,97	4,25	4,28	4,50	4,28	4,50	70-79%	-						
31. Fálkinn	4,286	4,15	4,59	3,63	4,04	4,34	4,66	4,70	4,33	60-69%	4,559						
32. Alþýðusamband Íslands *	4,276	4,22	4,50	3,49	4,45	4,64	4,71	3,71	4,59	80-100%	4,170						
33. Lífeyrissjóður verzlunarmanna *	4,275	4,42	4,44	3,80	4,39	4,44	4,49	3,78	4,41	80-100%	4,228						
34. Íslandsstofa	4,269	4,36	4,52	3,71	4,40	4,08	4,25	4,00	4,71	35-49%	3,955						
35. Fastus	4,240	4,18	4,42	3,81	4,20	4,45	4,30	4,34	4,28	70-79%	4,571						
36. Toyota á Íslandi *	4,236	4,23	4,67	3,15	4,29	4,58	4,47	4,20	4,36	80-100%	4,111						
37. Pipar/TBWA	4,235	4,25	4,70	3,48	3,67	4,70	4,45	4,27	4,50	35-49%	4,365						
38. FM framtak	4,232	4,51	4,38	3,30	3,62	4,57	4,32	4,57	4,57	50-59%	4,201						
39. Ásbjörn Ólafsson	4,229	4,17	4,61	3,10	4,09	4,59	4,36	4,62	4,39	60-69%	4,163						
40. Tern systems	4,225	4,52	3,71	3,73	4,53	4,53	4,08	4,17	4,38	50-59%	-						
41. Hugvít	4,222	4,29	4,52	3,53	4,02	4,60	4,29	4,28	4,29	35-49%	4,366						
42. Annata	4,206	4,07	4,67	3,81	3,98	4,71	4,00	4,05	4,46	35-49%	4,306						
43. Halldór Jónsson *	4,199	3,97	4,33	2,97	4,49	4,70	4,45	4,53	4,31	60-69%	4,163						
44. VIRK *	4,192	4,37	4,44	3,79	3,70	4,26	4,29	4,21	4,46	80-100%	4,238						

Meðaltal	Heildareinkunn 2014										Heildareinkunn 2013						
	4,143	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %		4,12	4,33	3,38	4,07	4,41	4,33
45. TVG Zimsen	4,172	4,19	4,42	3,24	4,04	4,47	4,20	4,51	4,35	70-79%	4,223						
46. Te og kaffi	4,162	4,29	4,53	3,21	3,70	4,29	4,06	4,81	4,39	60-69%	-						
47. Latibær *	4,145	4,09	4,33	3,57	3,95	4,45	4,29	4,42	4,16	60-69%	3,929						
48. Aðalskoðun	4,142	3,91	4,48	3,14	4,33	4,54	4,54	3,86	4,50	35-49%	4,200						
49. Forlagið	4,140	4,19	4,65	3,02	3,85	4,49	4,47	4,37	4,18	50-59%	4,285						
50. Allianz á Íslandi	4,138	4,40	4,14	2,67	3,81	4,66	4,61	4,48	4,39	60-69%	3,965						
51. Tölvumiðlun *	4,132	3,95	4,17	3,46	4,68	4,34	4,06	4,43	4,01	80-100%	3,356						
52. Mímír-símenntun	4,131	4,28	4,30	2,79	4,38	4,00	4,38	4,57	4,28	50-59%	4,092						
53. Ferðapjónusta bænda	4,078	4,07	4,04	3,49	4,08	4,27	3,94	4,64	4,12	60-69%	4,305						
54. Ferðaskrifstofa Íslands	4,076	3,81	4,37	2,69	4,32	4,48	4,40	4,40	4,33	60-69%	4,331						
55. Guðmundur Jónasson	4,069	4,22	4,67	2,86	3,33	4,02	4,48	4,63	4,40	50-59%	3,244						
56. Búr *	4,054	3,90	4,13	3,54	4,19	4,20	4,28	4,25	4,05	50-59%	3,744						
57. Ilva	4,053	4,16	4,12	3,52	4,01	4,02	4,23	4,24	4,09	50-59%	3,839						
58. Brammer *	4,048	4,20	4,34	3,68	3,74	4,34	4,10	3,70	4,27	80-100%	3,862						
59. Epli.is	4,044	3,88	4,33	3,26	4,35	4,46	4,30	3,74	4,16	35-49%	4,237						
60. Poulsen	4,038	3,96	4,08	3,24	3,88	4,53	4,52	4,22	4,06	50-59%	4,000						
61. Saga Film	4,006	4,18	4,48	2,83	3,67	4,18	4,25	4,19	4,28	35-49%	4,078						
62. Rauði kross Íslands *	3,999	3,91	4,14	2,73	4,10	4,25	4,08	4,63	4,22	80-100%	4,028						
63. Gildi lífeyrissjóður *	3,998	4,13	3,76	3,34	4,12	4,67	4,38	3,53	4,13	80-100%	4,334						
64. Handpoint *	3,994	3,85	4,40	2,99	3,90	4,63	3,94	4,33	4,08	80-100%	4,082						
65. Stilling	3,974	3,66	4,07	3,09	4,23	4,16	4,31	4,33	4,13	35-49%	-						
66. Jónar Transport *	3,967	3,95	4,02	3,04	3,67	4,40	4,41	4,29	4,12	80-100%	3,906						
67. Stoð stoðtækjasmíði	3,927	3,94	3,87	2,95	3,71	4,48	4,37	4,14	4,12	60-69%	3,751						
68. Landvélar	3,914	3,77	3,86	3,20	3,61	4,42	4,19	4,30	4,17	60-69%	4,006						
69. Grant Thornton endurskoðun	3,908	3,67	3,90	2,94	4,42	4,26	4,13	4,20	3,88	50-59%	-						
70. Sparnaður	3,905	3,95	4,22	2,72	3,92	4,49	4,41	4,04	3,63	35-49%	4,092						
71. Kaupfélag Vestur Húsvetninga	3,899	4,09	4,24	2,55	3,76	4,29	3,97	4,39	3,90	70-79%	3,833						
72. Slysavarnafélagið Landsbjörg *	3,892	3,73	4,28	2,60	3,07	4,31	4,26	4,91	4,25	70-79%	3,937						
73. Harpa	3,891	3,98	3,79	3,44	3,82	4,23	4,13	3,61	4,16	60-69%	3,940						
74. Würth á Íslandi	3,865	3,69	4,15	3,36	3,40	4,29	4,30	3,91	4,07	50-59%	4,006						
75. Skjárinn miðlar *	3,859	3,81	4,21	3,19	3,74	4,10	4,20	3,77	3,96	50-59%	3,376						
76. Bændasamtök Íslands	3,760	3,69	3,81	2,50	4,17	4,54	4,02	3,72	3,75	80-100%	-						
77. Gjaldheimtan	3,758	3,94	4,21	2,26	3,58	4,45	4,28	3,33	4,09	80-100%	-						
78. Neyðarlínan	3,713	3,69	4,15	2,13	3,65	3,18	4,14	4,58	4,18	50-59%	3,914						
79. Feria (Vita og ferd.is)	3,676	3,50	3,63	2,61	3,88	4,00	3,88	4,04	4,00	35-49%	4,103						
80. Cyren (áður Commtouch Iceland)	3,672	3,59	4,20	3,27	3,90	4,16	3,92	3,27	3,19	50-59%	3,777						
81. IceTransport	3,645	3,43	3,58	2,68	4,04	4,10	4,00	3,75	3,74	35-49%	-						
82. Atlantik	3,606	3,47	4,15	2,00	3,91	3,89	4,14	3,91	3,53	50-59%	3,941						
83. Merking	3,555	3,18	3,78	3,13	3,70	3,92	3,80	3,67	3,50	35-49%	3,570						
84. Flügger	3,435	2,97	3,46	2,60	3,62	4,13	4,07	4,10	2,95	35-49%	3,896						
85. Austurströnd Björnsbakari	3,416	3,05	3,46	3,29	2,98	3,60	4,25	3,96	3,13	50-59%	2,725						
86. Heimilistæki	3,246	2,73	3,81	2,28	3,02	3,86	3,43	4,00	3,21	35-49%	-						
87. Sendiráð Bandaríkjanna	3,109	3,11	3,28	2,29	2,79	3,62	4,12	2,73	3,18	50-59%	2,926						

Hér má sjá lista yfir stöðu meðalstórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að lágmarki 20 og að hámarki 49. Aftasti dálkurinn sýnir heildareinkunn árið 2013 hjá þeim fyrirtækjum sem þá komust á lista. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

Stjórnumerking (*) býðir að allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagsaðildar, fengu senda könnun.

LÍTIL FYRIRTÆKI

	Heildareinkunn 2014	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %	Heildareinkunn 2013
Meðaltal	4,275	4,26	4,43	3,56	4,25	4,57	4,46	4,36	4,38		
1. Vinnufót	4,959	4,95	5,00	4,94	4,94	4,93	4,96	4,94	5,00	80-100%	4,949
2. Spölur	4,925	4,96	4,93	4,67	5,00	4,96	5,00	4,87	5,00	80-100%	4,708
3. Kemi	4,898	4,96	5,00	4,67	4,80	4,88	4,85	5,00	5,00	80-100%	-
4. Sigurborg	4,840	4,98	4,85	4,21	4,87	4,98	4,92	4,93	4,94	80-100%	4,855
5. Birtingahúsið	4,792	4,88	4,96	3,97	4,87	4,91	4,88	4,92	4,94	80-100%	4,794
6. Microsoft Ísland *	4,790	4,93	5,00	4,67	4,77	4,77	4,59	4,64	4,86	80-100%	4,811
7. S. Guðjónsson *	4,764	4,88	4,86	4,33	4,75	4,80	4,79	4,75	4,90	80-100%	4,557
8. Vélfang	4,741	4,92	5,00	4,47	4,70	4,68	4,70	4,40	4,95	60-69%	-
9. Beiersdorf	4,728	4,72	4,93	4,00	4,73	4,84	4,80	4,87	4,95	80-100%	4,830
10. Altis	4,631	4,63	4,94	4,39	4,25	4,80	4,67	4,72	4,71	60-69%	-
11. Bókhalld og uppgjör	4,593	4,57	4,48	4,04	4,69	4,91	4,79	4,62	4,71	70-79%	4,769
12. xRM Software *	4,558	4,56	4,37	4,28	4,70	4,70	4,54	4,77	4,56	80-100%	-
13. Eirvik *	4,557	4,46	4,53	4,05	4,55	4,61	4,73	4,70	4,89	80-100%	4,048
14. Krýsuvíkurskóli *	4,557	4,73	4,61	4,08	4,22	4,73	4,54	4,72	4,79	80-100%	4,540
15. GlaxoSmithKline *	4,545	4,68	4,52	3,97	4,74	4,60	4,52	4,48	4,77	80-100%	4,646
16. Terma	4,521	4,36	4,55	3,75	4,68	4,69	4,52	4,95	4,73	70-79%	3,918
17. Karl Kristmanns umb. & heildv.	4,517	4,55	3,94	4,39	4,72	4,70	4,54	4,61	4,67	60-69%	4,557
18. Endurskoðun og ráðgjöf	4,509	4,57	4,40	3,93	4,53	4,68	4,60	4,87	4,50	80-100%	-
19. Terra Nova	4,490	4,67	4,77	3,19	4,55	4,66	4,69	4,64	4,69	80-100%	4,330
20. Áltak	4,461	4,74	4,57	3,72	4,45	4,54	4,54	4,29	4,71	80-100%	-
21. Mekka Wines & Spirits *	4,443	4,52	4,40	3,71	4,42	4,64	4,65	4,63	4,60	60-69%	4,381
22. Kortabjónustan	4,441	4,45	4,83	4,00	4,06	4,73	4,71	4,22	4,63	50-59%	3,424
23. Fossberg	4,440	4,31	4,70	4,07	4,23	4,63	4,47	4,63	4,59	80-100%	4,351
24. Björgun/Hornsteinn eignarh.fél.	4,349	4,40	4,60	3,67	4,40	4,68	4,20	4,28	4,55	50-59%	-
25. Rolf Johansen & Co	4,323	4,30	4,61	3,62	3,64	4,80	4,63	4,72	4,46	35-49%	4,253
26. Atlantsólía *	4,321	4,59	4,38	3,40	4,04	4,50	4,71	4,31	4,61	80-100%	4,363
27. Reitir fasteignafélag *	4,320	4,27	4,21	3,72	4,19	4,67	4,64	4,41	4,58	80-100%	4,519
28. Heimsferðir	4,310	4,45	4,48	3,00	4,33	4,72	4,52	4,36	4,61	50-59%	3,837
29. Fulltingi	4,310	4,42	4,33	3,27	4,27	4,84	4,45	4,60	4,35	50-59%	4,431
30. Samherji	4,285	3,96	4,13	4,17	4,43	4,64	4,50	4,20	4,45	70-79%	4,386
31. Medor *	4,272	4,15	4,50	3,33	4,51	4,53	4,50	4,36	4,38	80-100%	4,401
32. Hagvangur *	4,247	4,01	4,29	3,86	3,94	4,63	4,66	4,67	4,19	80-100%	4,218
33. Heilsa *	4,244	4,41	4,41	3,16	4,11	4,66	4,36	4,41	4,45	80-100%	4,277
34. Endurvinnslan *	4,235	4,65	4,17	3,58	4,07	4,23	4,25	4,39	4,36	60-69%	4,096
35. Íslenska umboðssalan	4,210	4,42	4,40	3,39	4,07	4,72	4,35	4,08	4,25	60-69%	4,390
36. Reynd	4,210	3,87	4,57	3,54	4,00	4,74	4,21	4,48	4,50	70-79%	4,435
37. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins *	4,077	4,01	4,40	3,16	4,13	4,32	4,28	4,24	4,15	80-100%	3,766
38. Thor Shipping	4,049	3,80	4,00	3,62	4,23	4,32	4,25	4,33	4,00	60-69%	3,844
39. Samskipti *	3,982	3,96	4,62	3,00	3,67	4,51	4,39	4,10	3,79	35-49%	3,220
40. Karl K. Karlsson	3,956	4,03	4,50	3,06	4,03	4,29	4,04	3,61	4,08	50-59%	3,983
41. Skjal bjónusta	3,939	4,13	4,20	2,73	4,20	4,72	4,00	3,73	3,80	60-69%	4,052
42. Tort	3,918	3,64	4,40	3,00	3,93	4,72	4,10	4,07	3,75	60-69%	3,803
43. Sæmark	3,909	3,58	3,60	3,47	4,10	4,64	4,20	4,27	3,70	70-79%	4,450
44. Knattspyrnusamband Íslands	3,887	3,52	4,75	2,48	4,54	3,99	4,03	3,33	4,54	50-59%	4,015

Hér má sjá lista yfir stöðu minni fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru að hámarki 19. Aftasti dálkurinn sýnir heildareinkunn árið 2013 hjá þeim fyrirtækjum sem þá komust á lista. Hæsta einkunn er 5 en sú lægsta er 1 og á það bæði við um heildareinkunn og einkunn fyrir einstaka þætti.

Stjórnumerking (*) þýðir að allir starfsmenn þessara fyrirtækja, án tillits til stéttarfélagasáðildar, fengu senda könnun.

	Heildareinkunn 2014	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd fyrirtækis	Ánægja og stolt	Svarhlutfall í %	Heildareinkunn 2013
Meðaltal	4,275	4,26	4,43	3,56	4,25	4,57	4,46	4,36	4,38		
45. Hringdu	3,887	4,16	4,47	3,17	3,30	4,02	4,25	3,73	4,00	50-59%	-
46. Álfaborg	3,845	3,25	3,80	3,20	3,34	4,59	4,50	4,40	4,20	50-59%	-
47. Netheimur	3,777	3,67	3,78	2,67	3,88	4,37	3,90	4,44	3,66	60-69%	-
48. Danfoss	3,692	3,72	3,33	1,87	3,90	4,36	4,20	4,60	3,70	50-59%	4,067
49. Ungmennafélagið Fjölnir	3,684	3,80	4,60	3,00	3,21	3,45	4,19	3,11	4,13	80-100%	-
50. Katla matvælaíðja	3,646	3,42	3,93	2,67	3,80	4,32	4,40	3,52	3,40	50-59%	-
51. Fjárstoð	3,533	3,38	3,80	2,31	3,72	4,26	4,17	3,75	3,13	60-69%	3,856
52. Kauphöll Íslands	3,251	3,33	3,53	1,95	3,53	4,04	3,40	3,13	3,15	80-100%	3,741
53. Íshestar	3,213	2,68	3,67	2,18	3,47	3,80	3,90	3,44	2,97	50-59%	4,122

Fyrirtæki ársins 2014 voru valin í könnun meðal félagsmanna VR og fjölmargra annarra starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Gagnaöflun stóð frá febrúar og út mars sl. Könnunin var send til fullgildra félagsmanna VR, þ.e. þeirra sem höfðu greitt lágmarksfélagsgjald á tólf mánaða tímabili áður en gagnaöflun hófst og voru greiðandi til félagsins þegar hún var gerð.

RÚMLEGA ÁTTATÍU FYRIRTÆKI BJÓÐA ÖLLUM STARFSMÖNNUM ÞÁTTTÖKU

Fyrirtæki geta boðið öðrum starfsmönnum en fullgildum félagsmönnum VR að taka þátt í könnuninni og er þá miðað við að allir starfsmenn fyrirtækisins taki þátt óháð stéttarfélagasáðild og starfshlutfalli. Alls ákváðu 84 fyrirtæki að bjóða öllum sínum starfsmönnum þátttöku. Þetta þýðir að meira en þriðja hvert fyrirtæki á listunum býður öllum starfsmönnum þátttöku. Á lista stærri fyrirtækja er hlutfallið hærra eða 43%. Öll þessi fyrirtæki eru merkt með * í listum hér í blaðinu. Þátttaka allra starfsmanna fyrirtækis í könnuninni gefur heildstæðari mynd af viðhorfi í fyrirtækinu. Við viljum benda á að í mörgum fyrirtækjum á listunum sem við birtum í blaðinu er mikill meirihluti, ef ekki allir starfsmenn, í VR, þó að þau fyrirtæki séu ekki merkt sérstaklega.

Alls fengu um 23 þúsund starfsmenn á almennum vinnumarkaði sendan spurningalista. Capacent Gallup sá um framkvæmdina og vinnslu niðurstæðna. Alls svöruðu 10.743 könnuninni og er svarhlutfall því um 48% en á síðasta ári var svarhlutfallið um 49%.

AF HVERJU FYRIRTÆKI ÁRSINS?

Markmið könnunarinnar er að kanna aðbúnað og líðan starfsmanna á vinnustað, viðhorf þeirra til stjórnenda og hvernig samskiptum er háttað svo fátt eitt sé nefnt. Niðurstöðurnar, ásamt niðurstöðum í launakönnun VR, veita félaginu mikilvægar upplýsingar um stöðuna á vinnumarkaði á hverjum tíma, hvað brennur helst á félagsmönnum og hvar pottur er

brotinn. Könnunin gefur starfsmönnum líka færi á að tjá sig um eigin stöðu og kjör og, síðast en ekki síst, eru niðurstöðurnar mælikvarði fyrir stjórnendur á stöðu fyrirtækisins.

ÁTTA LYKILÞÆTTIR

Spurningum í könnuninni um Fyrirtæki ársins má skipta í átta lykilþætti; trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu, sjálftæði í starfi, ímynd fyrirtækis og ánægju og stolt af fyrirtækinu. Niðurstöður í þessum þáttum eru grunnur að vali á fyrirtæki ársins í þremur stærðarflokkum, fyrirtæki fá einkunn frá einum upp í fimm fyrir hvern lykिलþátt en þær einkunnir mynda svo heildareinkunn fyrirtækisins.

KRÖFUR UM LÁGMARKSSVÖRUN

Til að fyrirtæki taki sæti á lista þarf það að uppfylla ákveðin skilyrði. Gerð er krafa um 35% svörun hjá fyrirtækjum m.v. fjölda útsendra spurningalista. Að auki er gerð krafa um að 5 svör að lágmarki berist frá fyrirtækjum með færri en 20 starfsmenn, sex svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 20 - 49, 10 svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 50 - 99, 20 svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 100 - 499 og að lágmarki 50 svör frá fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru 500 eða fleiri. Alls uppfylltu 233 fyrirtæki þessar kröfur.

EINKUNNIR VR

VR tekur ekki sæti á lista yfir Fyrirtæki ársins en birtir hér einkunnir félagsins. Heildareinkunn VR árið 2014 var 4,22 en einkunnir fyrir einstaka þætti eru sem hér segir: Trúverðugleiki stjórnenda 4,16, starfsandi, 4,21, launakjör 3,93, vinnuskilyrði 4,52, sveigjanleiki vinnu 4,63, sjálftæði í starfi 4,45, ímynd fyrirtækis 3,81 og ánægja og stolt 4,48.

Nánari umfjöllun um framkvæmd könnunarinnar, hugmyndafræði hennar og bakgrunn má finna á heimasíðu VR, www.vr.is.

SIGURVEGARAR 2014

Sigurveggarar í stærðarflokkunum þremur eru þeir sömu og í fyrra og er þetta í fyrsta skipti sem sömu fyrirtækin sigra tvö ár í röð í öllum flokkum.

STÓR FYRIRTÆKI

JOHAN RÖNNING ber sigur úr býtum í flokki stórra fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru fleiri en 50 talsins, og er þetta þriðja árið í röð sem fyrirtækið fær þennan titil. Fyrirtækið býður öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni, burtséð frá stéttarfélagssaðild og hefur gert það árum saman. Heildareinkunn er 4,664 af fimm mögulegum og er Rönnung enn og aftur að fá hæstu einkunn sem gefin hefur verið fyrirtæki af þessari stærðargráðu í könnun VR. Til samanburðar má geta þess að stóru fyrirtækin eru með 4,029 að meðaltali í heildareinkunn í ár. Fyrirtækið fær einkunn yfir 4,8 fyrir þrjú lykilþætti í könnuninni – starfsanda, ímynd fyrirtækisins sem og ánægju og stolt af vinnustaðnum. Lægsta einkunn Johan Rönnung er fyrir þáttinn launakjör, 4,01 og er Rönnung eina fyrirtækið á lista stærri fyrirtækja sem fær yfir fjóra í einkunn fyrir launakjör.

Í öðru sæti stórra fyrirtækja var **SECURITAS** með 4,505 í heildareinkunn. Hæsta einkunn fyrir lykilþátt er 4,82 fyrir ímynd fyrirtækis. Í þriðja sæti er **S4S** sem ekki hefur áður komist á lista yfir Fyrirtæki ársins. Heildareinkunn fyrirtækisins er 4,431 og hæsta einkunn er fyrir starfsandann, 4,69.

MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

MIRACLE er sigurvegari í hópi fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en 50 en þó fleiri en 19 talsins með heildareinkunnina 4,805 af fimm mögulegum. Meðaltal fyrirtækja af þessari stærðargráðu er 4,143 í heildareinkunn. Fyrirtækið býður öllum starfsmönnum sínum þátttöku í könnuninni, burtséð frá stéttarfélagssaðild. Miracle fær yfir 4,9 í einkunn fyrir fjóra af átta lykilþáttum sem er einsdæmi meðal fyrirtækjanna á lista meðalstórra fyrirtækja. Þessir þættir eru starfsandi, sveigjanleiki vinnu, ánægja og stolt og síðast en ekki síst ímynd fyrirtækis þar sem einkunnin er 4,97 en það er langhæsta einkunn fyrir þennan þátt á lista stórra og meðalstórra fyrirtækja. Lægst einkunn Miracle, eins og hjá flestum öðrum fyrirtækjum, er fyrir launakjörin en þar fékk fyrirtækið 4,34.

Í öðru sæti meðalstórra fyrirtækja er **PLAIN VANILLA** með 4,761 í heildareinkunn. Fyrirtækið fær fullt hús stiga, fimm stig, fyrir tvo lykilþætti, starfsanda og ánægju og stolt. Í þriðja sæti er **BASIS**, sem býður öllum sínum starfsmönnum þátttöku hvort sem þeir eru í VR eða ekki. Heildareinkunn Basis er 4,750 og fær fyrirtækið yfir 4,9 fyrir starfsanda og ánægju og stolt.

LÍTIL FYRIRTÆKI

VINNUFÖT er fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en 20 og er þetta annað árið í röð og alls í þriðja skiptið sem fyrirtækið hampar þessum titli. Vinnuföt fékk 4,959 í heildareinkunn en meðaltal lítilla fyrirtækja er 4,275. Vinnuföt fær fimm í einkunn fyrir tvo lykilþætti, starfsanda og ánægju og stolt. Engin einkunn er undir 4,9 og er Vinnuföt eina fyrirtækið sem getur státað af þeim árangri. Varla er hægt að nefna eina einkunn sem er lægst, fyrirtækið fær 4,93 í einkunn fyrir sveigjanleika vinnu en 4,94 fyrir þrjú þætti, launakjör, vinnuskilyrði, og ímynd fyrirtækis. Einkunnin 4,94 fyrir launakjör er langhæsta einkunn fyrir þennan þátt í könnuninni.

Í öðru sæti lítilla fyrirtækja er **SPÖLUR** sem var sigurvegari í flokki minni fyrirtækja árið 2010. Spölur er með 4,925 í heildareinkunn og fær fimm í einkunn fyrir þrjú lykilþætti; vinnuskilyrði, sjálfstæði í starfi og ánægju og stolt. Í þriðja sæti lítilla fyrirtækja er **KEMI** með heildareinkunn uppá 4,898. Kemi fær einnig fimm í einkunn fyrir þrjú lykilþætti; starfsanda, ímynd fyrirtækis og ánægju og stolt.

HÁSTÖKKVARAR

Í ár veitum við þremur fyrirtækjum viðurkenningu fyrir góðan árangur og tilnefnum því þrjú fyrirtæki sem hástökkvara – eitt í hverjum stærðarflokki.

STÓR FYRIRTÆKI

OPIN KERFI eru hástökkvarinn í hópi stórra fyrirtækja en þeir eru í 21. sæti í ár með einkunnina 4,231. Á síðasta ári voru þeir í sæti 59 með einkunnina 3,958. Allir lykilþættir hækka á milli ára, einkunn fyrir vinnuskilyrði hækkar mest eða úr 3,56 í 4,32. Meðaltal stóru fyrirtækjanna fyrir þennan þátt er 3,99. Þá hækka einkunn fyrir þáttinn ánægja og stolt umtalsvert, fer úr 4,08 árið 2013 í 4,45 í ár. Hæsta einkunn fyrirtækisins er fyrir starfsandann, 4,62 en lægsta einkunn er fyrir launakjörin, 2,92.

MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

Í hópi meðalstórra fyrirtækja er það **ÍSAGA** sem er hástökkvarinn og er nú í 23. sæti, fer úr því 73. Ísaga er með 4,354 í heildareinkunn en var með 3,957 árið 2013. Einkunn fyrir starfsandann hækkar mest, fer úr sléttum fjórum árið 2013 í 4,76 sem er jafnframt hæsta einkunn fyrirtækisins. Trúverðugleiki stjórnenda og ánægja og stolt hækka einnig nokkuð á milli ára. Lægsta einkunn Ísaga er fyrir launakjör, 3,71.

LÍTIL FYRIRTÆKI

Í flokki lítilla fyrirtækja, þar sem starfsmenn eru færri en 19 talsins, er það **KORTAÞJÓNUSTAN** sem hækkar mest, fer úr 3,424 í heildareinkunn árið 2013 í 4,441 í ár. Fjórir lykilþættir hækka um einn heilan eða meira í einkunn á milli ára, trúverðugleiki stjórnenda, launakjörin, ánægja og stolt og að lokum starfsandi en fyrir þann þátt fær fyrirtækið sína hæstu einkunn, 4,83. Lægsta einkunn Kortapjónustunnar er fyrir launakjör, 4,0.





FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2014

Fyrirtækin í tíu efstu sætunum í hverjum stærðarflokki eru sannarlega til fyrirmyndar og telur VR ástæðu til að vekja sérstaka athygli á frammistöðu þeirra. Þessi fyrirtæki fá titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki VR 2014. Mörg eru ofarlega á hverju ári, hvernig sem staðan er og hvort sem árar vel eða illa. Það ber vott um styrka og skilvirka mannauðsstjórnun.

Við óskum fyrirtækjunum innilega til hamingju. Hér að neðan má sjá lista yfir fyrirmyndarfyrirtækin í hverjum flokki fyrir sig. Athugið að hér eru fyrirtækin birt í stafrófsröð, stöðu þeirra á lista má sjá á bls. 20-25.

STÓR FYRIRTÆKI

1912
BETWARE Á ÍSLANDI
BORGUN
JOHAN RÖNNING
NOVA
S4S
SECURITAS
TM SOFTWARE
VISTOR
WISE

MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

BASIS
HREYFILL
HVÍTA HÚSIÐ
IÐAN FRÆÐSLUSETUR
LIBRA
MARGT SMÁTT
MIRACLE
PLAIN VANILLA
SENSA
SJÓNLAG

LÍTIL FYRIRTÆKI

ALTIS
BEIERSDORF
BIRTINGAHÚSIÐ
KEMI
MICROSOFT ÍSLAND
S. GUÐJÓNSSON
SIGURBORG
SPÖLUR
VÉLFANG
VINNUFÖT


HVERNIG LÍÐUR ÞÉR?

Í könnun VR á Fyrirtæki ársins eru yfir fjórutíu spurningar lagðar fyrir þátttakendur um allt sem varðar líðan þeirra á vinnustað og ánægju, viðhorf til yfirmanna og samstarfsmanna, sjálfstæði þeirra í vinnu, sveigjanleika og ímynd fyrirtækisins svo fátt eitt sé nefnt. Svörin eru greind eftir fjölmörgum þáttum, s.s. kyni og aldri svarenda, starfsheiti þeirra, menntun, aldri, atvinnugrein og stærð fyrirtækis. Það er áhugavert að skoða niðurstöðurnar með þetta í huga og ljóst að það hefur áhrif hvar menn vinna, hve langa starfsreynslu þeir hafa og hve margir vinna hjá fyrirtækinu. Hér að neðan er stuttlega fjallað um nokkra þætti í könnuninni með tilliti til þessa en fleiri niðurstöður eru birtar á heimasíðunni, vris.

MINNSTA ÁNÆGJAN Í VERSLUNINNI

Mjög mikill munur er á afstöðu og viðhorfi starfsmanna eftir atvinnugreinum, starfsmenn í verslun og þjónustu og starfsmenn í samgöngum og ferðaþjónustu eru almennt ósáttari en starfsmenn annarra atvinnugreina. Þeir sem eru iðulega ánægðastir eru starfsmenn í fjármálafyrirtækjum og sérhæfðri þjónustu. Sem dæmi má nefna að rétt rúmlega helmingur starfsmanna í fyrirtækjum í verslun og þjónustu eða 53% segir að stjórnendur í fyrirtækinu sjái um að starfsfólkið hafi möguleika til að þroska hæfileika sína. Hjá fyrirtækjum í fjármálum og sérhæfðri þjónustu er þetta hlutfall umtalsvert hærra eða 71%. Þá telja aðeins 39% starfsmanna í samgöngufyrirtækjum og ferðaþjónustu að laun starfsmanna séu ákveðin af sanngirni. Þetta hlutfall er 55% meðal starfsmanna í fjármálaþjónustu og annarri sérhæfðri þjónustu.

ÉG FÆ NÆGAR UPPLÝSINGAR UM ÞAÐ SEM GERIST HJÁ FYRIRTÆKINU




EINKUNNIR NOKKURRA LYKILÞÁTTA EFTIR ATVINNUGREINUM

	Trúverðugleiki stjórnenda	Starfsandi	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki í vinnu	Ánægja og stolt
Verslun og þjónusta	3,8	4,2	3,7	4,1	4,0
Samgöngur, flutn., ferðaþjónusta	3,9	4,3	3,9	4,2	4,2
Iðnaður	4,0	4,3	4,0	4,4	4,2
Heild- og bilasala	4,1	4,3	4,1	4,4	4,3
Starfsemi samtaka og félaga	4,1	4,3	4,1	4,4	4,3
Sérhæfð þjónusta og fjármál	4,1	4,4	4,2	4,5	4,3


MEIRI ÁNÆGJA Í MINNI FYRIRTÆKJUM

Starfsmenn minni fyrirtækja eru almennt ánægðari í starfi en starfsmenn stærstu fyrirtækjanna, þeir eru ánægðari með yfirmennina og launin og þeir telja starfsöryggi sitt meira en starfsmenn í stærri fyrirtækjum. Þeir eru t.d. ánægðari með fyrirtækjamenninguna á vinnustaðnum og 62% starfsmanna í stærstu fyrirtækjunum, þar sem starfsmenn eru fleiri en 100 talsins, segjast fá stuðning og hvatningu frá stjórnendum fyrirtækisins en yfir 70% starfsmanna í minni fyrirtækjum.

Á MÍNUM VINNUSTAÐ ER STARFSFÓLKI HRÓSAÐ ÞEGAR ÞAÐ STENDUR SIG VEL




ÉG BER FULLT TRAUST TIL STJÓRNENDA FYRIRTÆKISINS



LENGRI STARFSALDUR = MEIRI ÁNÆGJA

Þeir sem hafa lengstu starfsreynsluna í fyrirtækinu eru ánægðari með vinnustaðinn sinn en þeir sem hafa unnið þar skemur og þeim líður betur í vinnunni. Þeir eru líka jákvæðari í garð yfirmanna sinna - til dæmis segjast 85% svarenda með a.m.k. 15 árstarfsaldur bera fullt traust til stjórnenda fyrirtækisins en aðeins 75% svarenda sem hafa unnið í tvö til fjögur ár hjá fyrirtækinu. Munurinn er einnig umtalsverður þegar kemur að viðhorfi til sveigjanleika í starfi.

ERTU ÁNÆGÐ/UR EÐA ÓÁNÆGÐ/UR MEÐ SVEIGJANLEIKA PINN Í STARFI?



MEIRI ÁNÆGJA HJÁ FYRIRTÆKJUM EN STOFNUNUM

Vinnuþátttöknun VR hefur á undanförunum árum náð til æ stærri hóps. Fyrir rúmum áratug var fyrirtækjum fyrst gefið færi á að bjóða öllum starfsmönnum að taka þátt í könnuninni, hvort sem þeir væru í VR eður ei. Í ár ákváðu 84 fyrirtæki að gera það sem er meira en þriðjungur allra fyrirtækja sem náðu inn á lista. Þá hefur SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu lagt samskonar könnun fyrir sína félagsmenn frá árinu 2006 og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar frá árinu 2011. Í ár tekur fjármála- og efnahagsráðuneytið jafnframt þátt með alla starfsmenn opinberra stofnana og nær könnunin því til um 50 þúsund starfsmanna á íslenskum vinnuþáttum.

Viðhorf til lykilkáttanna átta er mjög misjafnt eftir því hvort um er að ræða hinn almenna eða opinbera vinnuþátt. Eins og sjá má á samanburðinum hér að neðan er mun meiri ánægja með stöðuna meðal félagsmanna VR og annarra starfsmanna fyrirtækja á almenna markaðnum. Þetta á við um alla þættina, en sérstaklega launakjörin, þar er óánægjan mikil meðal starfsmanna hins opinbera og ekki síður félagsmanna í Starfsmannafélaga Reykjavíkurborgar sem starfa hjá stofnunum Akraness og Seltjarnarness auk höfuðborgarinnar.

Að neðan má sjá samanburð á einkunum milli þessara aðila fyrir árin 2014 og 2013. Athugið að þessar einkunnir miða við svör allra í könnuninni, en ekki bara þá vinnustaði, fyrirtæki og stofnanir sem komust á lista yfir Fyrirtæki og Stofnun ársins.

MEIRI ÁNÆGJA HJÁ FYRIRTÆKJUM EN STOFNUNUM

	VR		SFR og aðrir ríkisstarfsmenn		Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	
	2014	2013	2014	2013	2014	2013
Heildarmeðaltal	4,07	4,06	3,76	3,68	3,79	3,77
Trúverðugleiki stjórnenda	4,03	4,03	3,73	3,65	3,83	3,84
Starfsandi	4,32	4,31	4,14	4,10	4,13	4,10
Launakjör	3,20	3,20	2,47	2,45	2,26	2,25
Vinnuskilyrði	4,04	4,03	3,73	3,66	3,54	3,50
Sveigjanleiki vinnu	4,36	4,36	4,09	4,03	4,13	4,13
Sjálfsæði í starfi	4,32	4,30	4,17	4,12	4,16	4,15
Ímynd fyrirtækis	4,14	4,15	3,66	3,61	3,82	3,74
Ánægja og stolt*	4,21	4,21	4,01	3,95	4,00	4,02

STÖÐUGLEIKI OG JAFNVÆGI

Í könnun VR er viðhorf starfsmanna til átta lykilkáttanna í starfsemi kannað en undir hvern þátt falla nokkrar spurningar. Þessir þættir snúa bæði að hinu áþreifanlega umhverfi og vinnuskilyrðum sem og viðhorfi til trúverðugleika stjórnendanna, ímynda fyrirtækisins, starfsanda o.fl. Gefin er einkunn fyrir hvern þátt (1 til 5) og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækisins. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni, vr.is.

HVAÐ GERÐIST 2008?

Allir lykilkáttir hækkðu í einkunn milli 2007 og 2008 en þá var könnunin gerð í upphafi árs, sex mánuðum fyrir hrun. Í sumum tilfellum hækkðu einkunnir mikið, t.d. fyrir launakjör og ímynd fyrirtækja. Í fyrstu könnun eftir hrun, í upphafi árs 2009, hækkaði heildareinkunn fyrirtækja áfram og meiri ánægja mældist með flesta þætti, nema launakjörin og ímyndina. Hafa verður í huga að ímynd fyrirtækja var mæld með þættinum ánægja og stolt fyrir árið 2009, en niðurstöður úr spurningum sem sneru að ímyndinni eingöngu lækkuðu flestar á milli ára.


Þessi hækkun á milli áruna 2008 og 2009 skýrist m.a. af þeim aðstæðum sem voru á vinnuþáttum strax eftir hrun. Niðurstöðurnar árið 2009 endurspegluðu breyttar væntingar, ný viðhorf og samkennd í kjölfar hrunsins. Ástandið kann að hafa þjappað starfsfólki saman frekar en sundrað þeim. Næstu tvö ár á eftir minnkaði ánægjan hins vegar aftur og segja má að jafnvægi hafi verið náð eftir það.

STADAN Í ÁR

Í ár ríkir stöðugleiki, einkunnir eru mjög svipaðar og í fyrra. En ef við skoðum þróunina til lengri tíma litið, frá árinu 2007, hefur ánægjan hins vegar aukist með flesta þætti í starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, sérstaklega hefur trúverðugleiki stjórnenda hækkað mikið og umtalsvert meiri ánægja er með vinnuskilyrði og sveigjanleika vinnu. Ímynd fyrirtækja hefur einnig tekið kipp uppá við á síðustu árum eftir lækun í kjölfar hrunsins. Eini þátturinn sem mælist með minni ánægju núna en fyrir hrun er launakjörin. Viðhorf til launanna hefur sveiflast mikið á þessu sjö ára tímabili, hæsta einkunn fyrir launakjörin var strax eftir hrun en sú lægsta árið 2011.

STÖÐUGLEIKI OG JAFNVÆGI

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildareinkunn	3,93	4,01	4,08	4,04	4,05	4,07	4,07	4,07
Trúverðugleiki stjórnenda	3,83	4,00	4,12	4,05	4,02	4,01	4,03	4,03
Starfsandi	4,26	4,34	4,37	4,35	4,32	4,32	4,31	4,32
Launakjör	3,24	3,41	3,40	3,26	3,16	3,19	3,20	3,20
Vinnuskilyrði	3,85	3,90	4,05	4,03	4,03	4,02	4,03	4,04
Sveigjanleiki vinnu	4,16	4,26	4,30	4,28	4,29	4,36	4,36	4,36
Sjálfsæði í starfi	4,22	4,38	4,41	4,33	4,33	4,31	4,30	4,32
Ímynd fyrirtækis	4,11	4,28	4,11	4,07	4,06	4,09	4,15	4,15
Ánægja og stolt*	-	-	4,30	4,26	4,22	4,22	4,21	4,21



21 fyrirtæki og stofnanir hafa hlotið Jafnlaunavottun VR. Þar fá konur og karlar sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Við óskum starfsmönnum til hamingju með vinnustaðinn sinn.

Þitt fyrirtæki getur verið framsækið fyrirtæki – leiðréttum launamun kynjanna!

jafnlaunavottun.vr.is

HÖFUM VIÐ HIST?

VR heimsækir flesta grunnskóla á félagasvæði sínu og marga framhaldsskóla á hverju ári og heldur fyrirlestra fyrir nemendur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Margir unglingar vinna með skólanum og við heyrum allt of oft frá þeim sjálfum að brotið sé á þeim. Þess vegna leggjum við áherslu á að bjóða svona fræðslu og viljum árétta mikilvægi þess að foreldrar fylgist vel með og hafi samband við félagið ef spurningar vakna.

FÆRÐU NÆGA ÞJÁLFUN?

Stundum fær ungt fólk ekki fullnægjandi þjálfun hjá vinnuveitanda í upphafi starfs. Kröfurnar til þeirra eru þá stundum óraunhæfar, sem getur valdið vanlíðan sem aftur kann að leiða til mistaka í starfi eða að unglingurinn gefist upp. Mörg fyrirtæki eru til fyrirmyndar hvað þetta varðar en hjá öðrum er þetta vandamál. Það er mjög mikilvægt að ungt fólk fái þjálfun og að eldri starfsmenn leiðbeini í störfum og um starfsreglur. Það verður að vera ljóst strax frá ráðningu hvert ábyrgðarsvið starfsmannsins er og hver verkefni hans eru, þannig að ekki fari á milli mála til hvers er ætlast af honum. Þjálfun og kenning starfsmannsins er ávallt á ábyrgð vinnuveitanda.

PRUFUTÍMI ER EKKI TIL

Umræða um prufutíma í starfi kemur upp reglulega. Við viljum ítreka að prufutími er ekki til í kjarasamningum. Sömu reglur gilda um allt vinnuframlag, það á að greiða laun fyrir vinnu einstaklinga, hvort sem viðkomandi er að „prufa“ starfið eður ei.

ERTU Á JAFNAÐARKAUPI?

Engin ákvæði eru um jafnaðarkaup í kjarasamningum VR, en þar er talað um lágmarkskjör. Í samningum er kveðið á um lágmarkstaxta fyrir dagvinnu í verslunum, en dagvinna getur verið frá 07.00 að morgni til 18.00 á virkum dögum. Utan þess tíma – á kvöldin og um helgar – á að greiða eftirvinnu. Þegar starfsmaður hefur unnið fullt starf samtals í dagvinnu og eftirvinnu (171,15 klst. í mánuði ef hann er afgangslumaður eða 162,5 klst. ef hann vinnur á skrifstofu) tekur yfirvinnu við.

Ef starfsmaður er á jafnaðarlaunum fær hann hins vegar sömu laun hvort sem hann vinnur að degi til á virkum dögum, á kvöldin eða um helgar. Ef launin uppfylla skilyrði um lágmarkstaxta og skilyrði um eftirvinnu kaup er í lagi að greiða jafnaðarlaun. Við viljum hvetja þá sem fá greidd jafnaðarlaun til að skoða launaseðlana sína vandlega. Ef minnsti vafi leikur á að launin séu rétt, hafið samband við kjaramálasérfræðinga VR sem geta farið yfir launaseðlana. Síminn er 510 1700.

KYNNTU ÞÉR VINNUTÍMANN

Það er mjög mikilvægt að strax í upphafi sé ljóst hvert fyrirkomulag vinnutímans er og erum við þá að tala um upphaf og lok vinnudags. Ef gerð er breyting á vinnutíma síðar verður annaðhvort að gera það með því að segja starfsmanninum upp og gefa honum uppsagnarfrest (skv. 12. kafla um uppsagnarfrest í kjarasamningi) eða semja um það og þá verða báðir aðilar að vera sáttir við þá breytingu. Þá getur hún jafnvel átt sér stað strax.

Annað varðandi vinnutímann er starfshlutfallið. Starfsmaðurinn heldur kannski að hann sé að ráða sig í fullt starf, þ.e. 100% starf, en þegar launaseðlarnir eru skoðaðir er einungis um hluta-starf að ræða. Í kjarasamningi VR segir að 100%

starf hjá starfsfólki sem sinnir afgangslustörfum og/eða öðrum verslunarstörfum sé 171,15 klst. í mánuði, eða 39,5 klst. á viku. Hjá starfsfólki á skrifstofu er fullt starf 162,5 klst. á mánuði, eða 37,5 klst. á viku. Kaffitími er innifalinn í þessum vinnutíma, 35 mínútur á dag hjá afgangslu- og verslunarfólki en 15 mínútur hjá skrifstofufólki.

HVAÐ MÁTTU VINNA LENGI?

Börn yngri en 13 ára mega einungis vinna 7 klst. á dag 5 daga vikunnar utan starfstíma skóla og aðeins mjög létt störf, svo sem við menningu, listir og íþróttaviðburði.

13-14 ára unglingar mega vinna létt og hættulaus störf, svo sem þjónustustörf. Skv. reglugerð nr. 426/1999 mega 13–14 ára einungis vinna létt störf í verslunum og sérstaklega er tekið fram að afgangslu á kassa sé ekki heimil.

15–17 ára unglingar mega vinna flest störf nema þau sem teljast hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeir mega þó ekki vinna með hættuleg efni eða vélar.

Öll vinna barna og unglunga undir 18 ára aldri skal fara fram undir eftirliti einstaklings sem er orðinn 18 ára.

VINNUTÍMI BARNNA OG UNGLINGA

	Börn 13-14 ára	Börn 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15-17 ára
Á starfstíma skóla	2 klst. á dag. 12 klst. á viku.	2 klst. á dag. 12 klst. á viku.	8 klst. á dag. 40 klst. á viku.
Után starfstíma skóla	7 klst. á dag. 35 klst. á viku.	8 klst. á dag. 40 klst. á viku.	8 klst. á dag. 40 klst. á viku.
Vinna bönnuð	Kl. 20.00 - 06.00	Kl. 20.00 - 06.00	22.00 - 06.00
Hvíld	14 klst. á sólarhring. 2 dagar í viku.	14 klst. á sólarhring. 2 dagar í viku.	12 klst. á sólarhring. 2 dagar í viku.

SPURNING DAGSINS ...



Jósef Halldór Þorgeirsson

Aldur: 18 ára
Skóli: Fjölbrotarskóli Vesturlands á Akranesi

Hvað viltu vinna við í framtíðinni?
Ég vill verða úrsmiður í framtíðinni og ég set stefnuna að læra það eftir stúdentspróf.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaðnum?
Já, það finnst mér. Mér finnst ungt fólk eiga auðvelt með að fá vinnu í dag og halda henni og það er bara flott mál.

Finnst þér borin virðing fyrir störfum ungs fólks?
Já, svona almennt finnst mér það.

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?
Ég er því miður ekki kominn með vinnu í sumar en ég er á fullu að leita mér að starfi. Ég er helst að leitast eftir vaktavinnustörfum, t.d. tveir dagar í vinnu og svo tveir dagar í frí, eitthvað í þeim dúr.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?
Já, það eru allir vinir mínir komnir með vinnu í sumar.



Elísa Guðjónsdóttir

Aldur: 17 ára
Skóli: Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Hvað viltu vinna við í framtíðinni?
Mig langar mest að verða flugmaður. Ég stefni allavega að því en svo verður bara að koma í ljós hvort það breytist.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaðnum?
Já, yfirleitt, en maður hefur heyrt sögur um að verið sé að borga undir lágmarkslaunum miðað við aldur. Maður hefur líka heyrt að samið sé um jafnaðarkaup þegar eftirvinnan er stærsti hluti starfsins.

Finnst þér borin virðing fyrir störfum ungs fólks?
Nei, ekki alltaf.

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?
Já, ég hef verið að vinna í Sporðhúsinu með skóla og held þeim vöktum en hef ekki fengið fulla vinnu í sumar.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?
Langflestir vina minna eru komnir með vinnu en ekki allir. Það er meira um það að strákarnir séu ekki komnir með vinnu.



Hjalti Steinar Sigurbjörnsson

Aldur: 18 ára
Skóli: Verzlunarskóli Íslands

Hvað viltu vinna við í framtíðinni?
Hef hugsað mér að fara í eitthvert tölvutengt nám eftir menntaskóla en það kemur bara í ljós seinna.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaðnum?
Ég hef ekki upplifað neitt slæmt, hvorki á stöðum þar sem ég vinn með fólki á mínum aldri né þegar ég var að vinna með eldra fólki.

Finnst þér borin virðing fyrir störfum ungs fólks?
Já, upp að vissu marki, en það eru alltaf einhverjir sem telja að ungt fólk geti ekki staðið sig vel í vinnu og það er mjög þreytandi að lenda í svoleiðis fólki.

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?
Já, ég verð að vinna á Korpunni hjá GR. Hef verið þar síðustu tvö sumur og finnst snilld að geta verið að vinna úti á sumrin.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?
Já, flestallir held ég. Ég held að flest ungt fólk sem vill fá vinnu fái hana í dag.



Andrea Björg Ómarsdóttir

Aldur: 16 ára
Skóli: Verzlunarskóli Íslands


Hvað viltu vinna við í framtíðinni?
Ég væri til í að vera lögfræðingur eða sálfræðingur.

Finnst þér vel komið fram við ungt fólk á vinnumarkaðnum?
Ég held að það sé bara misjafnt eftir störfum og vinnustöðum. Ég hef alveg lent í því að eldra fólk sé dónalegt við mig á mínum vinnustað og líka að fólk sé mjög kurteist.

Finnst þér borin virðing fyrir störfum ungs fólks?
Almennt séð held ég að það sé borin virðing fyrir störfum ungs fólks ef það stendur sig vel í sínu starfi.

Ertu búinn að fá vinnu í sumar?
Já, ég fékk sumarvinnu í Þín verslun, þar sem ég er búin að vinna síðastliðið ár.

Eru vinir þínir komnir með vinnu í sumar?
Já, alveg margir, og aðrir eiga eftir að fá svör.

	Fristund krossgátu- gerð (c)	KLIFUN (STIL- BRAGÐ)	DÍNAMÓR	GINNIR	RIKI Í SUB- AUSTUR ASÍU	RYK- KORN		AT- HAFNAR	SLÍTA	KERALD	ÚTBROTS	TIL	KVARN- ADUR	ÞÍÐNA
	RABÍTA										1			
	BITUR													
	MJÖG					Æ			LOKID			SÆR		
	LISTI					SEGJA FYRIR			UTAN			TENGDIR		
	BORÐI	2			FREMDAR- DYRANNA						VETT- VANG			
	SPIRA				DRÝGJA DÁÐ						SKRAMB- ANS	Á NÝJAN LEIK		TULDRI
			HLJÓÐ Í DYRI	FLJÓTT LÍTIÐ VIK			AULA FISKUR				REGLU- SYSTIR			
	TÆTA				SK. ST. TÍMA		TÖLU- SK. ST.			SKILA- BOÐ			DRÁP	SANNAR
	MOLD- UNGA			3	JAFN- ADAR- MANN		LÁTUN ÚR KOPAR		SKEKKIR					
	KNÆPA				HJARA				STALL- SYSTIR					
					KÝTA				HÁTTUR	4			KINDUR	
					ÁLEGG				STAÐ- FESTA				SPREL- BRÚSI	
			GRÓANDI TIL- ORÐNING		BLETTS- INS							HRINT		
	ÞÍÐA				EVROPU- MAÐUR							HOR- DAUÐI		5
					LYSTI- SEMÐA						ÓNÝTT			
	YRKING					VINNA Í HEYSKAP			KEPPA					
						ÁFORM			VEIÐI					
	HREYF- ING		GÁLL MILDAST				SKÁLD- SK. ST.		ÚÐA					
							STING		ÆRINN					
		ÞÓFI SPURN			GOL- ÞORSK			BEITA					HNOÐ- RAR	LISTA
					ÁVÖXTUR			DÁÐ					UM ÞAÐ BIL	EIGNIR
	FALL				MÆLA ANGRAR				ÞJÓÐ- ERNIS- SINNA					
									STALLUR					
	TOR- MERKIN						TALA OFNS			6			HÚÐ- MYNDUN	7
													MENJAR	
		REYTA	LIMI KLAKI				HUG- STERKIR						BÓKSTAF	
				8			KALL						DVELUR	
	SÍÐUR					ALDINI				9			STRÝTU	
	KENND- AR					NAFN KARLS							VESÆLL	



ERTU Í ATVINNULEIT?

GERÐA BJÖRG HAFSTEINSDÓTTIR – FAGSTJÓRI HJÁ STARF

Nú þegar annar lok nálgast hafa margir námsmenn tryggt sér sumarstarf. Einhverjir þeirra vinna með námi á veturna og eiga því auðveldara með að fá vinnu á sumrin. Með því að vinna með námi eða á sumrin skapar þú þér starfsreynslu á vinnumarkaði sem getur fært þig nær og gert þér kleift að finna draumstarfið seinna meir.


Og hvert þú ert hugsanlega að stefna á vinnumarkaði. Og gott er að hafa í huga að þegar þú ræður þig í sumarstarf er ekki jákvætt að byrja á því að skipuleggja eigið sumarfrí. Ráðning þín er til þess komin að dekkja orlof fastráðinna starfsmanna og því getur atvinnurekandi lent í vandræðum ætli þú að taka sumarfrí. Best er þá að gera grein fyrir áætluðum sínum áður en til ráðningar kemur.

VERTU TÍMANLEGA

Mikilvægt er að huga að atvinnuleit fyrir smárið í tíma. Gott að er að byrja á því að skipuleggja sig fljótlega eftir áramót, búa til ferilskrá eða yfirfara og uppfæra þá sem þegar er til. Leggja áherslu á að virkja tengslanetið og setja markmið. Það gerir atvinnuleitina markvissari og líklegri til árangurs. Og ekki óvænta þó að þú sért ekki komin með sumarstarf og það sé langt liðið á maimánuð. Atvinnumarkaðurinn er stöðugt á hreyfingu og óvænt tækifæri geta komið í ljós. Það skiptir máli að láta atvinnurekendur vita reglulega af þér en með því skapar þú tengsl sem að gætu borið árangur í atvinnuleitinni. Mundu að hvert skref í atvinnuleitinni skiptir máli og færir þig nær starfi. Hvert starf skapar í kjölfarið tækifæri sem mikilvægt er að skoða og nýta sér til góðs í átt að draumstarfinu. **Gleðilegt sumar!**

HVERNIG ER BEST AÐ HAGA ATVINNULEIT?

Fyrir námsmann sem er að stíga sín fyrstu skref í atvinnuleit er vænlegast til árangurs að ganga í fyrirtæki og kynna sig eða hringja og athuga hvort að það vanti starfskraft. Mikilvægt er að stilla væntingum í hof og taka hverju boði um starf sem tækifæri til framtíðar. Hvert starf skapar reynslu, þekkingu og kunnáttu og þú verður eftirsóttari/verðmætari á vinnumarkaði fyrir vikið. Einnig skiptir máli að eiga ferilskrá og kynningarbréf því þrátt fyrir að starfsreynsla sé lítil sem engin gefur það mynd að því hver þú ert



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Skráning“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er Ólafur Haukur Hákonarson. Ólafur er búsettur í Garfaholti í Reykjavík nærri heimahögum, en lengst af ól hann manninn í Garfargöllum. Einn af svokölluðum frumbyggjum hverfisins. Nýlega hóf Ólafur störf hjá DV sem markaðsráðgjafi á auglýsingadeild, en hann hefur verið VR-félagi eins lengi og elstu menn muna. Krossgátu-bakteríuna fékk hann ungur að árum og hefur haft af því bæði gagn og gaman. Við óskum Ólafi innilega til hamingju með vinninginn.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslagid.

Skilafrestur er til 10. ágúst 2014. Utanáskriftin er: VR-blaðið, Kringslunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is



Fyrirtæki ársins 2014

Við óskum **Johan Rönning**, **Miracle** og **Vinnufötum** innilega til hamingju með að vera fyrirtæki ársins.

Árlega stendur **VR** fyrir kjöri á fyrirtæki ársins. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja fyrir.

Stór fyrirtæki

1. Johan Rönning
2. Securitas
3. S4S
4. Wise
5. Borgun
6. Betware á Íslandi
7. Nova
8. TM Software
9. 1912
10. Vistor

Millistór fyrirtæki

1. Miracle
2. Plain Vanilla
3. Basis
4. Sensa
5. Sjónlag
6. Libra
7. Hreyfill svf.
8. Margt smátt
9. Hvíta húsið
10. Iðan fræðslusetur

Lítill fyrirtæki

1. Vinnuföt
2. Spölur
3. Kemi
4. Sigurborg
5. Birtingahúsið
6. Microsoft Ísland
7. S. Guðjónsson
8. Vélfang
9. Beiersdorf
10. Altis